



RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030
ODDEYRI
Akureyrarbær

7. febrúar 2018



EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	3
1.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	4
1.2	VIÐFANGSEFNI	5
1.3	MARKMIÐ	5
1.4	STEFNUMARKANDI ÞÆTTIR	6
1.4.1	<i>Saga byggðar</i>	6
1.4.2	<i>Blönduð landnotkun</i>	6
1.4.3	<i>Nálægð við miðbæ</i>	6
1.4.4	<i>Fjölbreyttar samgöngur</i>	6
1.4.5	<i>Hafnarsvæði</i>	6
2	FORSENDUR	7
2.1	SAGA BYGGÐARINNAR	7
2.1.1	<i>Varðveisluverðar heildir</i>	11
2.2	AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2012-2030	12
2.3	DEILISKIPULAG Í GILDI	13
2.4	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	13
2.4.1	<i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i>	13
2.4.2	<i>Aðgerðaáætlun gegn hávaða 2013-2018</i>	16
2.4.3	<i>Aðgerðaáætlun gegn hávaða 2015-2020</i>	17
2.4.4	<i>Byggingarlistastefna Akureyrarbæjar</i>	17
2.4.5	<i>Samþykkt um verndun trjáa á Akureyri</i>	17
2.4.6	<i>Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri, 3. útgáfa verkefni 2010-2012</i>	17
2.4.7	<i>Ljósvisstarskipulag Akureyrarbæjar</i>	17
2.4.8	<i>Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar</i>	18
2.4.9	<i>Skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll</i>	19
2.5	VEÐURFAR	21
2.5.1	<i>Hækkun sjávar</i>	21
2.6	ÍBÚÐARBYGGÐ OG SAMFÉLAG	22
2.6.1	<i>Íbúafjöldi og aldursdreifing</i>	22
2.6.2	<i>Húsnæði</i>	23
2.6.3	<i>Skólar</i>	25
2.6.4	<i>Þjónusta</i>	26
2.7	UMFERÐ OG GATNAKERFI	27
2.7.1	<i>Umferðamælingar</i>	28
2.8	LAGNAKERFI	29
3	STEFNA UM VISTVÆNA BYGGÐ	30
3.1	ALMENNINGSRÝMI	30
3.2	SJÁLFBÆRNI	31
3.3	HEILSUSAMLEGT UMHVERFI	32

4	SAMGÖNGUSTEFNA.....	33
4.1	GÖTUR OG GANGSTÉTTAR	34
4.2	HJÓLASTÍGAR	36
4.3	GÖTULÝSING.....	39
5	LANDNOTKUNARSTEFNA	40
5.1	ALMENN ÁKVÆÐI.....	42
5.1.1	Íbúðarbyggð.....	42
5.1.2	Blönduð byggð.....	42
5.1.3	Verslun og þjónusta	43
5.1.4	Athafna- og hafnarsvæði.....	43
5.1.5	Opin svæði	44
5.2	SÉRÁKVÆÐI DEILISKIPULAGSREITA	46
5.2.1	A - Núverandi íbúðarbyggð.....	47
5.2.2	B- Hvannavallareitur.....	49
5.2.3	C - Tryggvabraut og Furuvellir	49
5.2.4	D – Reitur milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu, prúnarreitur	50
5.2.5	E - Norðan Tryggvabrautar.....	50
5.2.6	F - Hafnarsvæði, norðurhluti.....	51
5.2.7	G – Hafnarsvæði, suðurhluti.....	51
6	MEGINREGLUR SKIPULAGSINS - SAMANTEKT	52
7	FRAMKVÆMDIR SKV. SKIPULAGI.....	54
8	UMHVERFISSKÝRSLA	55
8.1	YFIRLIT OG SAMANTEKT.....	55
8.2	GRUNNÁSTAND	56
8.3	UMHVERFISÞÆTTIR, AÐFERÐ OG VIÐMIÐ	56
8.4	UMHVERFISMAT.....	57
8.5	VALKOSTIR	58
9	KYNNING OG AUGLÝSING	64
9.1	LÝSING.....	64
9.2	DRÖG AÐ RAMMASKIPULAGI.....	64
9.3	KYNNINGARFUNDIR.....	64
9.4	UMSAGNARAÐILAR	65
9.5	AUGLÝSING	65
9.6	AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA.....	65
9.7	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	65
10	AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA	67
11	HEIMILDASKRÁ	68
1.	VIÐAUKI – FRAMTÍÐ ODDEYRARTANGA.....	69
2.	VIÐAUKI – FRAMTÍÐ AKUREYRARVALLAR	70
2.	VIÐAUKI – HÚSAVERND Á ODDEYRI	72

1 YFIRLIT

„Rammahluti aðalskipulags er sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.“¹

Tilgangur með gerð rammaskipulags Oddeyrar er að leggja fram heildstæða stefnu um þróun byggðarinnar. Með heildarstefnu fyrir hverfið verður leitast við að nýta eiginleika svæðisins með skynsamlegum hætti þar sem saman fari íbúðarbyggð, atvinnustarfsemi og þjónusta. Rammaskipulagið er forsenda fyrir deiliskipulagsgerð einstakra reita og svæða.

Rammaskipulag Oddeyrar var unnið sem hluti Aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 og var aðalskipulagi breytt til samræmis. Skipulagið verður hluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030.

Rammaskipulagið var unnið af Árna Ólafssyni og Lilju Filippusdóttur hjá Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. í samvinnu við stýrihóp, sem skipaður var þeim Tryggva Má Ingvarssyni, Ólínu Freysteinsdóttur og Sigurjóni Jóhannessyni fulltrúum í skipulagsráði.

¹ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ



1. mynd. Afmörkun skipulagssvæðisins.

Skipulagssvæðið á Oddeyri afmarkast af Glerárgötu, Strandgötu og Glerá að ósum. Hverfið skiptist í íbúðarbyggð, tvö athafnasvæði og hafnarsvæði.

Á Oddeyri er annað elsta hverfi Akureyrar. Hófst byggð þar um 1860 og var hverfið fullbyggt um 1960. Ýmis verslun og þjónusta umlykur íbúðarbyggðina.

1.2 VIÐFANGSEFNI

Skipulagið er heildstæð stefna m.a. um uppbyggingu byggðar, endurgerð gatna og úrbætur á umhverfi sem kemur til með að auka lífsgæði íbúa á Oddeyri. Viðfangsefnin eru eftirtalin:

- Samgöngustefna
 - Götur
 - Hjólastígar
 - Gangstéttar
 - Götulýsing
- Landnotkunarstefna
 - Atvinnustarfsemi
 - Núverandi íbúðarbyggð
 - Blönduð byggð
 - Verslun og þjónusta
 - Hafnar- og athafnasvæði
 - Opin svæði

Ekki er fjallað um framtíðarskipulag veitukerfa en gerð er grein fyrir núverandi kerfum í kafla 2.8.

1.3 MARKMIÐ

Sett voru markmið í upphafi skipulagsvinnunnar sem hafa stýrt stefnumörkuninni.

Markmiðin eru:

- að þétta byggð og fjölga íbúum
- bæta ásýnd og umhverfi svæðisins
- stuðla að bættum samgöngum fyrir gangandi og hjólandi
- efla tengingar við aðliggjandi hverfi
- benda á sérstakar götummyndir og hús sem vert væri að varðveita
- sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi

1.4 STEFNUMARKANDI ÞÆTTIR

1.4.1 SAGA BYGGÐAR

Oddeyrin er annað elsta hverfi Akureyrar og hófst byggð þar um 1860. Syðst milli Strandgötu og Eiðsvallagötu er elsti hluti hverfisins, að mestu byggður á árunum 1875-1925. Hverfið byggist svo upp til norðurs frá Eiðsvallagötu fram til um 1960. Sjá **kafla 2.1**.

1.4.2 BLÖNDUÐ LANDNOTKUN

Hverfið skiptist í íbúðarbyggð, tvö athafnasvæði og hafnarsvæði. Íbúðarbyggðin er samfelld og nær frá Strandgötu og norður fyrir Grenivelli. Var hverfið fullbyggt um 1960. Norðan íbúðarhverfis, að Glerá, er ýmis athafnastarfsemi, verslun og þjónusta en norðan og austan Hjalteyrargötu er hafnar- og athafnasvæði með fjölbreyttri starfsemi. Þessi fjölbreytta starfsemi sem umlykur íbúðarbyggðina stuðlar að sjálfbærni s.s. í samgöngum þar sem stutt er í vinnu og þjónustu.

1.4.3 NÁLÆGÐ VIÐ MIÐBÆ


Miðbær Akureyrar er skammt suðvestan við hverfið með ýmissi verslun og þjónustu m.a. bæjarskrifstofum og heilsugæslu. Einnig er Glerártorg auk verslunar- og þjónustusvæðis við Glerárgötu.

1.4.4 FJÖLBREYTTAR SAMGÖNGUR

Stutt er í ýmsa verslun og þjónustu frá íbúðarbyggðinni sem, ásamt bættu aðgengi, hvetur íbúa til að fara fótgangandi eða hjólandi á milli staða. Fjölbreytt starfsemi og atvinnustarfsemi kallar á töluverða umferð að hverfinu úr öðrum bæjarhlutum með fjölförnum tengibrautum.

1.4.5 HAFNARSVÆÐI

Starfsemi tengd höfninni og hafnsækinni starfsemi nær yfir stóran hluta Oddeyrar. Þar eru stórir vinnustaðir sem hafa lengi verið grunnstoðir atvinnulífs á Akureyri s.s. skipaþjónusta, fiskvinnsla, vöruhöfn, fóðurvörugeymsla og kjötiðnaðarstöð. Á hafnarsvæðinu eru 9 bryggjur sem þjóna þeirri fjölbreyttu starfsemi sem á svæðinu er. Síðastliðin ár hefur fjöldi skemmtiferðaskipa sem leggjast við bryggju aukist umtalsvert eða úr 33 árið 2000 í 104 árið 2015.





2 FORSENDUR

2.1 SAGA BYGGÐARINNAR

Byggð hófst á Oddeyri um 1860 en Eyrin var lengi í einkaeign og varð ekki hluti af Akureyrarkaupstað fyrr en árið 1866. Eyrin myndaðist af framburði Glerár og áður settu kvíslir og lækir úr ánni svip sinn á hana.²

„Oddeyri tilheyrði Stóra-Eyjarlandi en var seld frá jörðinni árið 1850 þegar Björn Jónsson verslunarmaður og síðar ritstjóri keypti hana af Geirprúði Thorarensen. Björn seldi Þorsteini Danielssyni á Skipalóni Oddeyri árið 1863. Í maí árið 1866 varð Oddeyri hluti af Akureyrarkaupstað en þrátt fyrir það var hún lengi enn í einkaeign. Þorsteinn seldi hana árið 1871 hinu nýstofnaða félagi Gránufélaginu. Áður hafði Þorsteinn selt kaupmanni að nafni Clausen Oddeyrartanga. Á þessum tíma stóðu tvö hús á Oddeyri, Lundur og torfbær. Gránufélagið hóf verslun á Oddeyri árið 1872 og upp frá því hófst myndun þéttbýlis.“³

Um 1880 voru risin allnokkur hús syðst á Oddeyrinni og götumynd Strandgötu tekin að mótask. Gatan myndaðist í fyrstu sem slóði meðfram sjónum að verslun Gránufélagsins. Um aldamótin 1900 má segja að Strandgata hafi fengið þá mynd sem hún hefur haldið síðan og var þá Grundargata austasta þvergatan.

Í fyrsta aðalskipulagi Akureyrar sem staðfest var 1927 voru byggðalögin þrjú, þ.e. gamla Akureyrin ásamt Fjörinni og Innbænum, Eyjarlandsbyggðin og Oddeyrin, skipulögð sem heild. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að nær öll timburhúsabyggðin á Oddeyri myndi víkja fyrir nýjum steinhúsum. Á þessum tíma voru samgöngur innanbæjar það erfiðar að gert var ráð fyrir að hver bæjarhluti yrði að vera sjálfum sér nægur að flestu leyti og hver með sína þungamiðju. Gert var ráð fyrir skemmtigarði í brekkunni neðan við Brekkugötu, verslunarsvæði vestan við íbúðarbyggðina og bæjarvelli vestan Glerárgötu og norðan Eiðsvallagötu. Ný gata, Geislagata, var skilgreind frá Ráðhústorgi að bæjarvellingum norðan Eiðsvallagötu. Við þessa götu var skipulagt verslanasvæði hverfisins.

² Heimasíða Akureyrarbæjar

³ Heimasíða Akureyrarbæjar



2. mynd. Úr aðalskipulagi Akureyrar 1927. Rauð hús eru þáverandi hús og bleik tákna ný eða endurbyggð hús. Skipulagsmörk rammaskipulags eru sýnd með hvíttri brotalínu.

Árið 1974 var gefið út aðalskipulag þar sem staðfest var að austasti hluti Oddeyrar skyldi nýttur fyrir hafnar- og iðnaðarstarfsemi en vestari hluti skyldi áfram vera íbúðarhverfi. Þá var einnig lagt til að húsaraðirnar við Strandgötu, Lundargötu og Norðurgötu yrðu varðveittar.⁴

Unnin var húsakönnun elstu byggðarinnar á suðurhluta Eyrarinnar í tengslum við gerð deiliskipulags 1995 (Oddeyri, suðurhluti, samþykkt 04.02.1997). Tvö hús eru friðlýst (friðuð skv. þágildandi þjóðminjalögum) á svæðinu sem könnunin náði til, Gránufélagshúsin við Strandgötu og prentsmiðjuhúsið við Norðurgötu 17. Ekki var talin „ástæða til að friða fleiri hús á Oddeyri skv. þjóðminjalögum. Ekkert húsanna hefur slíkt menningarsögulegt gildi að ástæða sé til friðunar. Hins vegar teljum við ástæðu til að varðveita nokkra þætti byggðarinnar án þess að til friðunar einstakra húsa verði gripið.“⁴

⁴ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1995

Megin niðurstaða skýrslunnar var sú að varðveita beri yfirbragð byggðarinnar á suðurhluta Oddeyrar, þ.e.:

Gatnakerfi verði að mestu leyti óbreytt, hús verði að mestu leyti stakstæð, álíka há og ámóta stór og þau eru nú. Ummerki eftir skipulagið frá 1927 verði varðveitt og endurbætt.

Húsaröðin við Strandgötu hefur ótvírætt menningarsögulegt gildi fyrir Akureyri auk umhverfislegs gildis, sem reyndar hefur farið dvínandi eftir því sem fleiri skörð hafa komið í húsaröðina og húsum hefur hrakað vegna viðhaldsleysis.

Fyrir utan gömlu byggðina eru helstu umhverfisgæði Oddeyrar fólgin í grónum görðum, nálægð við Pollinn og fjallasýn. Flest annað er niðurnítt og ber vott um skort á umhyggjusemi og alúð.

Í könnuninni eru Strandgata, Lundargata og Norðurgata merktar sem varðveisluverð heild, þ.e. húsaraðir og götumyndir.

Með prentun húsakönnunarinnar og dreifingu til almennings á sínum tíma var vonast til að áhugi á umhverfisbótum og góðri meðferð húsanna myndi glæðast. Það hafði nokkur áhrif en samt skortir enn víða viðhald á húsum og görðum.





3. mynd. Elsti hluti Óðeyrar að byggjast upp. Strandgata og Gránufélagsgata sjást á myndinni⁵.

Með nýjum lögum um menningarminjar nr. 80/2012 breyttist lagaumgjörð húsaverndar og hugtakanotkun. Hús sem eru 100 ára og eldri eru friðuð sem felur í sér að óheimilt er að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (29. gr. laganna). Í samræmi við löginn teljast nú 43 hús á Óðeyri friðuð, 2 eru friðlýst og 14 að auki sem byggð eru 1925 eða fyrr eru umsagnarskyld ef þeim á að breyta, flytja eða rífa. Listi yfir hús sem háð eru ákvæðum laga um menningarminjar er í viðauka 3. Í framhaldi af staðfestingu Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 verður unnið heildstætt deiliskipulag íbúðarbyggðarinnar á Óðeyri og tekin þar afstaða til varðveislu húsa og bæjarmyndar.

⁵ Eðvarð Sigurgeirsson, www.akureyri.net

Uppdráttur úr húsakönnun sem sýnir varðveislugildi húsa og húsaða.



Varðveislugildi húsa

	Varðveisluverð heild, húsað, götumynd
	Hús sem hafa varðveislugildi
	Hús sem hafa varðveislugildi sem hluti af merkri heild
	Önnur áhugaverð hús
	Hús sem spilla umhverfi sínu



Varðveisluverðar heildir merktar á korti.
Varðveislumat einstakra húsa og heilda skal metið í húsakönnun.

2.1.1 VARÐVEISLUVERÐAR HEILDIR

Í samræmi við húsakönnun frá 1995 skal tekið tillit til húsaraðanna við Strandgötu, Lundargötu og Norðurgötu í deiliskipulagi. Ekki hefur verið unnin húsakönnun fyrir norðurhluta íbúðarbyggðarinnar en vert er að benda á áhugaverða heild smágerðra parhúsa við Eyrarveg og Víðivelli. Húsin voru byggð á árunum 1947-1948 sem verkamannabústaðir og teiknaðir af Bárði Ísleifssyni arkitekt hjá húsameistara ríkisins. Margar þessara íbúða hafa verið stækkaðar.

Einnig ber að nefna áhugaverðar húsapýrpingar og götumyndir við Ægisgötu, Hríseyjargötu norðan Eiðsvallagötu og Norðurgötu norðan Víðivalla. Húsaraðirnar eru samstæðar og gott dæmi um aðlögun fúnksjónalismans að íslenskum staðháttum þar sem valmápök urðu einkennandi. Þessar húsagerðir voru algengar um miðbik síðustu aldar.


Girðingar og veggir á lóðamörkum eru snar þáttur í götumynd og yfirbragði byggðarinnar. Ýmsar útfærslur girðinga eru í hverfinu s.s. timburgirðingar, steypar girðingar og stöplar með járnaverki. Þær eru einkennandi fyrir tíðarandann og voru oft sömu gerðar og handrið á stigum og svölum húsa. Hlið eru einkennandi og víða enn í notkun.



2.2 AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2012-2030

Rammaskipulagið var upphaflega unnið í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem staðfest var 15.12.2006 og staðfest sem hluti þess. Gerðar voru breytingar á þágildandi aðalskipulagi til samræmis við rammaskipulagið.

Uppfærð útgáfa rammaskipulagsins er hluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030.



4. mynd. *Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.*

Í kafla 3 um stefnu um vistvæna byggð koma fram áherslur skipulagsins um almenningsrými, sjálfbærni og heilsusamlegt umhverfi sem samræmast þeim köflum landsskipulags sem tilgreindir eru hér til hliðar.

Í kafla 5 um landnotkunarstefnu er lögð áhersla á blandaða byggð með endurnýjun bygginga á vannýttum lóðum og þéttingu á þegar byggðum lóðum. Fyrirséð er að þess konar uppbygging er langtímaverkefni sem mun taka mið af forsendum atvinnulífs og lóðarhafa.

2.3 DEILISKIPULAG Í GILDI

Eftirtaldar skipulagsáætlanir eru í gildi:

- Hafnarsvæði sunnan Glerár, samþykkt 05.02.2008.
- Deiliskipulag vöruhafnar á Oddeyri, samþykkt 29.04.1998, hluti milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu. Að öðru leyti var deiliskipulagið felld úr gildi 05.02.2008.
- Oddeyri, suðurhluti, samþykkt 04.02.1997.
- Deiliskipulag Norðurgötu 55,60 og 62, lóð Hagkaups, samþykkt 06.02.1990.

Deiliskipulag Hvannavallareits er í vinnslu.

2.4 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

2.4.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Í mars 2016 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Fjögur viðfangsefni eru skilgreind í landsskipulagsstefnunni og á 3. kafli, **Búsetumynstur og dreifing byggðar**, einkum við í skipulagi þessu. Dregnir hafa verið fram eftirfarandi undirkaflar sem falla undir þéttbýlisskipulagið:

3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis

Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.

3.2.1 Vöxtur þéttbýlisstaða

Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

3.2.2 Hagkvæm uppbygging

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.

3.3 Gæði hins byggða umhverfis

Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.

3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningssýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.

3.3.2 Heilnæmt umhverfi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.

Í ákvæðum um blandaða byggða, í kafla 5, er lögð áhersla á gæði útirýma, fjölbreytt íbúðarform, aukna lofthæð jarðhæða og fjölbreytni í notkunarmöguleikum rýma.

Í kafla 4 um samgöngustefnu er gerð grein fyrir hvernig stuðlað skal að vistvænum og öruggari samgöngum s.s. með hjólastígum, gangstéttum og hraðadempandi aðgerðum á götum. Einnig skal taka mið af blágrænum ofanvatnslausnum við endurhönnun tengibrauta.

Í kafla 2.5.1 er lagt til að komið verði upp vöktun/mæling á hækkun sjávar áður en viðbrögð verða lögð fram í skipulagsáætlun.

3.5 Sjálfbærar samgöngur

Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

3.5.2 Samgöngur í þéttbýli

Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar

Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvá og loftslagsbreytinga.

3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvá og umhverfisbreytinga

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvá, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

2.4.2 AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN HÁVAÐA 2013-2018

Dagsett í desember 2014. Hávaðakortlagning stórra gatna á Akureyri. Áætlunin var samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og bæjarins þar sem stærstu göturnar eru í eigu Vegagerðarinnar.

AÐGERÐIR SEM STJÓRNVÖLD RÁÐGERA TIL LÆKKUNAR Á HLJÓÐSTIGI

Hægt er að stemma stigu við hávaða og hávaðadreifingu með stefnumörkun hlutaðeigandi stjórnvalda. Ýmsar leiðir eru færar hvað þetta varðar. Það er t.d. mögulegt að beita aðgerðum gagnvart hávaðauppsprettunni sjálfri, til að stemma stigu við umhverfishávaða og hávaðadreifingu. Þessar aðgerðir eru m.a.:

- Umferðarskipulag (t.d. minnka umferðarmagn, minnka hraða, lækka hlutfall þunga ökutækja t.d. að nóttu til, velja hljóðlætt malbik, draga úr notkun nagladekkja).
- Skipulag landnotkunar (t.d. færa hávaðasama starfsemi, ekki skipuleggja viðkvæma byggð næst stórum vegum o.fl.).
- Stuðla að umhverfisvænni ferðamáta.
- Huga að endurkasti hljóðs.
- Huga að afstöðu hljóðgjafa og byggðar/kyrrlátra svæða.
- Val á hljóðlátari uppsprettu (t.d. iðnaðarsvæði breytt í hljóðlátari iðnað eða athafnasvæði með verslunar- og skrifstofuhúsnæði).
- Aðgerðir eða hvatar sem byggja á reglum eða hagrænum atriðum (t.d. sektir fyrir hávaðamengun eða styrkir vegna hljóðeinangrandi aðgerða).

Á aðgerðaráætlun til fimm ára eru m.a. aðgerðir við íbúðir við Glerárgötu, milli Strandgötu og Eyrarvegjar. Þar verða skoðaðar hljóðvarnir eða byggingartæknilegar lausnir.



Í almennum ákvæðum um landnotkun, kafla 5.1, er farið fram á að við gerð deiliskipulags og við hönnun bygginga skal brugðist við hávaðamengun.

Gera skal úttekt á trjágróðri samhliða gerð húsakönnunar og deiliskipulags. Út frá því skal meta varðveislugildi einstakra trjáa sbr. ákvæði í kafla 5.1.

Skipulagið tekur til götulýsingar á Oddeyri í kafla 4.3.

2.4.3 AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN HÁVAÐA 2015-2020

Dagsett í apríl 2015. Áætlunin nær til helstu umferðargatna í íbúðarbyggð á Akureyri.

Í áætluninni er gert ráð fyrir aðgerðum við íbúðir þar sem hljóðstig við hús reiknast yfir ákveðnum mörkum, þ.e. við:

- Glerárgötu, milli Strandgötu og Gránufélagsgötu
- Strandgötu, á horni Glerárgötu

Langtímastefna bæjaryfirvalda til aðgerða gegn hávaða er eftirfarandi:

- Lækkun hljóðstigs með uppsetningu á hljóðvörnum eða byggingartæknilegum lausnum.
- Efling almenningssamgangna.

2.4.4 BYGGINGARLISTASTEFNA AKUREYRARBÆJAR

Samþykkt í bæjarstjórn 12. júní 2001. Akureyrarbær hefur sett fram stefnu um gæði nýbygginga, bæjarmyndar og búsetuumhverfis.

Skipulags- og byggingahönnuðum ber að taka tillit til hennar við hönnun bygginga.

2.4.5 SAMÞYKKT UM VERNDUN TRJÁA Á AKUREYRI

Samþykkt í bæjarráði 29. júní 2000. Samþykktin tekur til allra trjáa á Akureyri, sem eru 8 m á hæð eða eldri en 60 ára. Við gerð aðal- og deiliskipulags getur umhverfisráð lagt til að trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis njóti hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

2.4.6 STAÐARDAGSKRÁ 21 FYRIR AKUREYRI, 3. ÚTGÁFA VERKEFNI 2010-2012

Samþykkt í bæjarstjórn 18. maí 2010. Í Staðardagskrá 21 er kafli um lýðræði. Íbúafundir hafa verið haldnir í tengslum við skipulagsvinnu í samræmi við ákvæði skipulagslaga um samráð.

2.4.7 LJÓSVISTARSKIPULAG AKUREYRARBÆJAR

Í vinnslu er ljósvistarSKIPULAG Akureyrar þar sem kveðið verður á um framtíðarskipulag lýsingar á götum, stígum, götupverunum og útivistarsvæðum. Þar verður skilgreint hvað eigi að lýsa og hvernig

og hvað ekki eigi að lýsa. Í ljósvistarSKIPULAGinu verður gert ráð fyrir mismunandi útfærslu götu- og stígalýsingar eftir eiginleikum byggðarinnar og umhverfi.

2.4.8 UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUSTEFNA AKUREYRARBÆJAR

Í desember 2016 var umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar samþykkt í bæjarstjórn. Hún byggir á Staðardagskrá 21, íbúáþingum á Akureyri og Hrísey og hugmyndum um sjálfbæra þróun. Stefnan nær m.a. til eftirtalinna málaflokka: loftslags- og loftgæðamála, orkugjafa, opinna svæða, endurvinnslu, fræðslu, ökutækja, hjólríða, almenningssamgangna og gangandi vegfarenda.

Kafla 1.2 *Samgöngur* á einkum við í skipulagi þessu, en þar segir:

Unnið skal að því að auka hlutdeild hjólandi og gangandi vegfarenda. Rík áhersla skal lögð á að tengja og leggja göngu-, hjóla- og útivistarstíga. Þétting byggðar er einnig mikilvægur þáttur sem forsenda góðs aðgengis að almenningssvögnum og betra umferðarflæðis. Tryggja skal, frá upphafi skipulagsferils, hjólríðar, göngu og almenningssamgöngur í skipulag nýrra hverfa og uppbyggingu eldri hverfa. Stuðlað skal að því að fjölbreyttum ferðapörfum íbúa sé mætt og að samgöngu- og leiðakerfið nýtist sem best.

Í kafla 4 um samgöngustefnu er lögð áhersla á bætt aðgengi gangandi og hjólandi með samfelldum gönguleiðum, göngustíg meðfram Glerá, öruggum gangbrautum, hjólastígum meðfram tengibrautum og hjólavísu í húsagötum.


Skipulagið gerir jafnframt ráð fyrir þéttingu byggðar með blandaðri byggð.



2.4.9 SKIPULAGSREGLUR FYRIR AKUREYRARFLUGVÖLL

Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll og ná þær til svæðis í nágrenni flugvallarins. Á þeim svæðum eru hindranaflétir/hæðartakmarkanir (sjá uppdrátt). Hindranaflétirnir takmarka hámarkshæðir bygginga og mannvirkja í samræmi við skilgreiningu hindranaflatanna. Takmarkanirnar eiga einnig við tímabundin mannvirki s.s. byggingarkrana og þarf samþykki Samgöngustofu fyrir því ef fara þarf upp fyrir hindranasvæði.

Einnig gildir bann eða takmarkanir á notkun sýnilegra lasergeisla eða sambærilegra ljósa.




5. mynd. Yfirlitsuppdráttur skilgreindra hindranasvæða. Skipulagsreglur Akureyrarflugvallar. Þær línur og tölur sem máli skipta fyrir rammaskipulagið eru á mynd 6.



6. mynd. Hindranasvæði flugvallar sýnt á uppdrætti. Utan merкта svæðisins eru hæðartakmörk 47,18 m.y.s. á láréttum fleti.

Með einfaldri mynd má sjá hvernig byggingar geta haft mismunandi áhrif á staðbundið veðurfar í þéttbýli. Efsta myndin sýnir hvernig vindar fara upp fyrir lágu þéttna byggðina og skjól myndast á milli bygginga. Myndin fyrir miðju sýnir hvernig gísnari byggð fær vindstrengi á milli bygginga en skjól myndast hlémegin við hvert hús. Neðsta myndin sýnir hvernig háar byggingar eru fyrstaða, fanga vindstrengi og mynda hvirfla.

(Jan Gehl, *Livet mellem husene*).



2.5 VEÐURFAR

Veðurfar á Akureyri einkennist m.a. af áhrifum sjávar og legu fjarðarins. Vindar blása mest úr SA og NV. Norðanáttin kemur með kalt loft frá hafi og oft snjókomu á vetrum. Sunnanáttin er yfirleitt hlý og þurr en getur verið hvöss.

Á Oddeyri er jöfn lágreist byggð sem beinir vindi upp fyrir húsin og er því nokkuð skjólsælt í íbúðarhverfinu. Einnig hefur trjágróður í görðum vaxið upp á löngum tíma og dregur hann úr vindinum.

Vegna nálægðar við sjó er hitastigsmunur á Oddeyri og í efri byggðum Akureyrar á vetrum. Það gerir það að verkum að snjór sest ekki eins skjótt á jörð á haustin líkt og ofar í byggðinni.

2.5.1 HÆKKUN SJÁVAR


Suðurhluti Eyrarinnar liggur lágt, að hluta nokkuð undir 2 m.y.s (miðað við hæðarkerfi Akureyrarbæjar). Sjávarfalla gætir víða í kjöllum og við viss veðurskilyrði og háa sjávarstöðu var hér áður hætt á sjávarflóðum syðst á svæðinu. Upp úr 1990 var ráðist í breytingar á Strandgötu en hún lá fram að því sem aðalgata meðfram húsaröðinni. Var gatan færð til suðurs og er gamla götustæðið nú nýtt sem húsagata og bílastæði fyrir hverfið. Nýja gatan er á fyllingu í 2,2 m.y.s. en auk þess er hlaðinn veggur meðfram götunni að hluta. Eru ný mannvirki við ströndina almennt miðuð við þá hæð þar sem þau snúa að byggð og hafa það hlutverk að verja hana. Tekið er mið af því að mannvirki við ströndina séu hærri en hæsta líklega sjávarstaða miðað við þær forsendur sem fyrir liggja. Hækkandi sjávarstaða á heimsvísu mun hafa áhrif hér eins og annars staðar en líklega minni en á heimsvísu. Búast má við hækkun sjávar í Eyjafirði um 3 mm á ári eða um 30 cm á næstu 100 árum.⁶ Hafnargarðurinn getur varið Eyrina áfram í einhvern tíma fyrir sjógangi. Koma þarf upp vöktun/mælingum á hækkun sjávar áður en viðbrögð verða lögð fram í skipulagsáætlun.

⁶ Halldór Björnsson, 2017 og Steingrímur Jónsson, 2017


2.6 ÍBÚÐARBYGGÐ OG SAMFÉLAG

2.6.1 ÍBÚAFJÖLDI OG ALDURSDREIFING


Á Oddeyri bjuggu 1.156 íbúar árið 2016 og er fjöldi íbúða 532. Úr stöplaritinu má lesa íbúðapróun eftir hverfum á Akureyri en íbúum hefur fækkað lítillega á Oddeyri eða um 187 frá árinu 1988. Aldursdreifingu íbúanna má lesa úr neðra stöplaritinu en flestir íbúar eru á aldrinum 40-59 ára og 10-19 ára. Áberandi er hversu fá börn á aldrinum 0-9 ára eru í hverfinu.



8. mynd. Þróun íbúafjölda eftir hverfum á Akureyri. (Íbúaskrá Akureyrar)





9. mynd. Aldursdreifing á Oddeyri í samanburði við Akureyri (FMR, 2015)



Íbúafjöldi eftir hverfum Akureyrar árið 2016. (Þjóðskrá Íslands).



2.6.2 HÚSNÆÐI



10. mynd. Hlutfall íbúða eftir húsagerð.

11. mynd. Íbúðastærðir.


Á Oddeyri eru 313 íbúðarhús og 532 íbúðir. 23% íbúða eru í einbýlishúsum, 29% í fjölbýlishúsum og 39% í tvíbýlishúsum. Meðalstærð íbúða er 113m² og er tæpur þriðjungur íbúða skráðar þriggja herbergja og rúmur þriðjungur fjögurra herbergja.⁷

Íbúðarsvæðið er um 26 ha að stærð og er nýting svæðisins um 20 íb/ha (íbúðir á hektara). Til samanburðar er þéttleiki í Giljahverfi 17,3 íb/ha og í 1. áfanga Naustahverfis 22 íb/ha.

⁷ Þjóðskrá Íslands, 2015

8	Einbýlishús	Tvíbýlishús	Parhús	Raðhús	Fjölbýlishús
Naustahverfi	10%	3%	4%	13%	71%
Holtahverfi	42%	24%	0%	18%	16%
Norðurbrekka	41%	30%	2%	2%	25%
Gerðahverfi	41%	1%	0%	38%	20%
Oddeyri	23%	39%	9%	1%	29%
Miðbær	11%	16%	2%	1%	70%
Hlíðahverfi	13%	5%	0%	18%	63%
Giljahverfi	9%	0%	14%	21%	55%
Innbær	37%	23%	2%	0%	39%
Suðurbrekka	32%	19%	1%	16%	32%
Lundahverfi	16%	0%	2%	18%	63%
Síðuhverfi	17%	4%	0%	26%	53%

Í meðfylgjandi töflu er samanburður á hlutfalli íbúða eftir húsagerðum í öllum hverfum bæjarins. Úr henni má m.a. lesa að flestar íbúðir eru í tvíbýlishúsum á Oddeyri en í raðhúsum og einbýlishúsum í Gerðahverfi. Heilt yfir eru flestar íbúðir í bænum í fjölbýlishúsum, eða 50%.



12. mynd. Hlutfall íbúða eftir húsagerð á Akureyri í heild.

⁸ Þjóðskrá Íslands, 2016

2.6.3 SKÓLAR

Á Oddeyri er leikskólinn lðavöllur sem er fjögura deilda og getur tekið á móti 90 börnum.

Í Oddeyrarskóla var 191 nemandi skráður veturinn 2015-2016. Skólinn er með einn bekk í hverjum árgangi og eru nemendur mis margir í hverjum þeirra, allt frá 13 upp í 26 og er kynjaskipting einnig misjöfn. Skólinn hefur mest verið með um 220 nemendur.

Tónlistarskóli er til húsa í Menningarhúsinu Hofi við Strandgötu.

Við skipulagningu nýrra skólahverfa er almennt gert ráð fyrir um 1.100-1.500 íbúðum og skóla með um 500 nemendum þar sem tveir bekkir eru í hverjum árgangi.

Á Oddeyri eru 532 íbúðir sem er á neðri mörkum fyrir einn bekk í árgangi. Ójöfn aldursdreifing íbúa gerir það að verkum að nýting skólans gæti verið betri þar sem hlutfallslega fá börn eru í hverfinu miðað við önnur hverfi bæjarins.



2.6.4 ÞJÓNUSTA

Stutt er í fjölbreytta þjónustu innan hverfisins. Matvöruverslun auk ýmissa verslana og þjónustu er starfrækt á svæðinu. Miðbærinn, með heilsugæslu, ráðhúsi, o.fl. auk verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs, er í göngufjarlægð frá Oddeyrinni.

Strætisvagnar aka eftir tengibrautum umhverfis íbúðarbyggðina.



13. mynd. Rautt táknar almenna verslun og þjónustu sem margir sækja og gult táknar þjónustuása/götur.



Sjónlínur frá götum. Bláar pílur vísa út í opið landslag en appelsínugular á mannvirki s.s. skip við bryggjur og menningarhúsið Hof.

2.7 UMFERÐ OG GATNAKERFI

Íbúðarhverfið á Oddeyri er reitað eftir hefðbundnu evrópsku borgarskipulagi með gatnaneti og er án botnlanga. Víða eru sjónlínur að sjó, inn í Eyjafjarðardal og austur í Vaðlaheiði.


Skipulagið gerir ráð fyrir að sjónlínur eftir núverandi gatnakerfi haldi sér. Ekki er krafa um gatnatengingu eftir sjónlínunum en gera skal ráð fyrir opnun e.t.v. með göngu- og hjólastígum og ekki skal byggja fyrir sjónlínur.

Innan íbúðarhverfisins eru einstefnugötur og mörg hús í elsta hlutanum standa við gangstétt. Göturýmin eru því þröng og hús 1-3 hæðir auk kjallara. Umhverfið er allt í mannlegum skala og húsinn halda utanum götuna. Gatnakerfið er hluti af sérkennum byggðarinnar sem skal varðveita og styrkja. Taka skal mið af einkennum byggðarinnar við gerð deiliskipulags.

Norðurgata, sem liggur norður-suður eftir miðju íbúðarhverfinu, er meginumferðarás íbúðarhverfisins en einnig er nokkur umferð um Grænugötu og Eyrarveg.

Íbúar hafa haft áhyggjur vegna mikils umferðarhraða um Norðurgötu þrátt fyrir að gatan sé víða þröng. Dæmi eru um að bílum sé ekið á gangstéttum. Í skipulaginu er gert ráð fyrir umhverfisfrágangi til að auka öryggi s.s. upphækkun gatnamóta.

2.7.1 UMFERÐAMÆLINGAR



14. mynd. Áætluð umferð bíla á dag að meðaltali á ári (ÁDU).



Stofnlagnir veitukerfa.

- Hitaveita
- - - Vatnsveita
- - - Prýstilögn fráveitu

Umferðarmæling var gerð við Norðurgötu 42 (norðan við gatnamót við Eyrarveg) í eina viku um mánaðarmótin maí-júní 2015. Áætluð ÁDU er 530 farartæki (bílar á dag að meðaltali á ári).

61% mældra bíla ók á bilinu 21-35 km/klst úr suðurátt en 66% á sama hraða úr norðri. Meðalhraði mældis um 30 km/klst. Einn bíll ók hraðar en 60 km/klst eða á 72 km/klst. Lítið var um farartæki sem voru lengri en 6 m eða 0,35% (14 af 3.913 mældum bílum).

Sambærileg mæling var gerð við Eyrarveg 20 (vestan við gatnamót við Norðurgötu). Áætluð ÁDU er 570 farartæki.

75% mældra bíla ók á bilinu 21-35 km/klst úr vestri en Eyrarvegur er einstefnugata. 0,25% farartækja voru lengri en 6 m eða 3 af 1.190 mældum bílum.

2.8 LAGNAKERFI

Þjónustukerfi veitna eru mikilvæg forsenda allrar byggðar. Veitulagnir á Oddeyri fylgja í meginatriðum götum og stígum þar sem leitast er að fremsta megni við að lagnir, aðrar en heimtaugar, liggi yfir einkalóðir. Fráveitukerfi er tvöfalt þar sem skólp og ofanvatn eru aðgreind í sitt hvort veitukerfið. Skólp er leitt í prýstilögn þar sem því er dælt norður í Sandgerðisbót. Þar verður byggt hreinsivirki við útrásina. Prýstilögnin liggur í áður fyfirhuguðu götustæði tengibrautar Laufásgötu/Hjalteyrargötu yfir svæði ÚA.

Deiliskipulag skal vinna í samráði við viðkomandi Norðurorku sem sér um vinnslu og dreifinug á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstur og uppbyggingu fráveitu á svæðinu.

3 STEFNA UM VISTVÆNA BYGGÐ


Við deiliskipulagsgerð skal unnið út frá sjónarmiðum um vistvæna byggð.

3.1 ALMENNINGSRÝMI

Almenningsrými eru þau svæði sem eru utan einkalóða, göturými, garðar og útivistarsvæði. Við hönnun þeirra skal hafa eftirfarandi atriði í huga:

- **Öryggi/skjól**
 - Öryggi í umferð og gagnvart öðrum hugsanlegum óhöppum
 - Öryggi fyrir þjófnaði, ógnum og árásum
 - Skjól fyrir óþægindum í umhverfinu s.s. vindi, rigningu, snjó, ryki og hávaða
- **Þægindi**
 - Aðgengi fyrir gangandi með nægu rými, góðu yfirborði og án hindrana
 - Möguleiki til að staldra við og dvelja í aðlaðandi umhverfi
 - Möguleiki til að sitja og hvílast í aðlaðandi umhverfi
 - Möguleiki til að sjá, s.s. njóta áhugaverðs útsýnis. Notkun götulýsingar.
 - Möguleiki til að hafa samskipti, þ.e. heyra og tala. Umhverfishávaði sé lítill.
 - Möguleikar til leikja og hreyfingar. Þjóðandi umhverfi sem nýtist til hreyfingar á öllum árstímum.
- **Ánægja**
 - Mælikvarði. Að hæðir bygginga og rými sé í skala við upplifun, umferð, stærð og hegðun fólks.
 - Möguleikar til að njóta veðurs í sól/skugga, hita/kulda, skjóli/vindi
 - Fagurfræðileg gæði/ jákvæð upplifun af umhverfi með góðri hönnun og smáatriðum. Aðlaðandi útsýni og ásýnd. Gróður og vatn sé í umhverfinu.⁹

⁹ Gehl, Jan, 1980.



3.2 SJÁLFBÆRNI

Í skipulagsgerðinni var sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi í stefnumörkuninni. Þá er átt við að þörfum nútímans verði mætt án þess að gengið sé á getu framtíðarkynslóða til að mæta sínum þörfum.

Með sjálfbærri þróun og vistvænu skipulagi er unnið að því að lágmarka neikvæð áhrif byggðar á umhverfið en íbúum tryggt fjölbreytt, sveigjanlegt, öruggt og gott umhverfi auk þess að skapa aðstæður fyrir öflugt atvinnulíf.

„Byggð með nægilegum þéttleika og blandaðri landnotkun íbúða, atvinnu, verslunar og þjónustu stuðlar að sjálfbærni. Aukinn þéttleiki og blöndun eru einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á efnahag og samfélag auk þess sem nýting á landi, orku og innviðum getur verið hagkvæmari og sveigjanlegri. Þétt byggð dregur úr stofn- og viðhaldskostnaði innviða, svo sem lagnakerfis, gatna, sorphirðu og neyðarþjónustu. Með blöndun byggðar og fjölbreyttu framboði af húsnæði er dregið úr ferðapörf íbúa. Hægt er að samnýta svæði eins og bílastæði, líf verður í hverfinu allan daginn auk þess sem íbúar hafa val um mismunandi íbúðarhúsnæði. Það stuðlar að jafnvægi og stöðugleika á húsnæðismarkaði svæðisins til langs tíma.“¹⁰

Þær áskoranir sem tekist er á við í skipulaginu snúa að:

- **Regnvatni**, þar sem gert er ráð fyrir opnum svæðum í nýrri byggð sem getur tekið við miklu ofanvatni.
- **Loftgæðum**, þar sem aðgengi fyrir gangandi og hjólandi verður bætt og þannig dregið úr bílaumferð. Trjá- og runnagróður verður aukinn í almenningsrýmum sem bætir loftgæði.
- **Landnýtingu**, þar sem gert er ráð fyrir að þetta byggð á illa nýttu landrými.
- **Samgöngum**, þar sem gert er ráð fyrir bættum tengingum við önnur hverfi og endurhönnun tengibrauta. Dregið verður úr hraða ökutækja og aðgengi bætt fyrir gangandi og hjólandi. Þungaflutningum verður beint frá almennri umferð að hluta.
- **Opnum svæðum**, sem mun fjölga og notagildi þeirra aukið.

¹⁰ Vistvænt skipulag þéttbýlis, 2014:9

- **Húsnæðisgerðum**, með ákvæðum um fjölbreytta húsagerð.
- **Heilsu**, með bættu aðgengi fyrir gangandi og hjólandi og fjölgun opinna svæða til útivistar og leikja.

3.3 HEILSUSAMLEGT UMHVERFI

Skipulag hefur áhrif á lýðheilsu með beinum hætti. Aðgerðir sem leiða til aukinnar hreyfingar almennings draga úr lífsstílstengdum sjúkdómum. Fjölbreyttar og öruggar göngu- og hjólaleiðir, opin svæði og garðar hvetja til útivistar og hreyfingar. Aðlaðandi almenningsrými með bekkjum og íverustöðum hafa einnig áhrif á félagsleg samskipti og samheldni íbúa.

Trjá- og runnagróður bætir loftgæði og skapar skjól í nærumhverfinu. Hann fegrar umhverfið og dregur til sín fuglalíf.



Reglur eru megin inntak skipulagsins og skulu hafðar til viðmiðunar við gerð deiliskipulags.

4 SAMGÖNGUSTEFNA

REGLUR:

- **Tengibrautir verði endurbættar með áherslu á minni umferðarhraða og aðgengi fyrir hjólandi og gangandi**
 - Unnið í samvinnu við framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og Vegagerðina
- **Bætt aðgengi gangandi og hjólandi**
 - Með samfelldum gönguleiðum með gangbrautum
 - Með hjólastígum og merkingum (vísun)
- **Hjalteyrargata verður tengibraut en Laufásgata mun tengjast Hjalteyrargötu** (sjá matstöflu um tengibraut í meðfylgjandi umhverfisskýrslu)
 - Vöruflutningum verði beint um Laufásgötu í stað Strandgötu og Hjalteyrargötu
 - Tenging Laufásgötu við Hjalteyrargötu verður útfærð í deiliskipulagi (tveir kostir sýndir á uppdráttum rammaskipulags)
- **Norðurgata verði hrygglangan í íbúðarbyggðinni með bættu öryggi og umhverfisfrágangi**
- **Gránufélagsgata verði gönguás sem tengir Neðri-Brekku við Oddeyri að höfn með bættu öryggi og umhverfisfrágangi**
- **Eiðsvallagata verði opnuð til austurs við gatnamót Hjalteyrargötu til samræmis við aðrar húsagötur.**
- **Núverandi gatnanet og rýmismyndun verði ráðandi við skipulagningu reita**
- **Almenningsrými verði bætt með tilliti til öryggis, þæginda og ánægju**

4.1 GÖTUR OG GANGSTÉTTAR

TENGIBRAUTIR

Fjórar tengibrautir mynda hring um hverfið, þ.e. Glerárgata í vestri, Tryggvagata í norðri, Hjalteyrargata í austri og Strandgata í suðri. Gert er ráð fyrir að endurbæta þær allar utan Strandgötu.

Vandamál á **Tryggvabraut** er yfirbreidd með óskýrri umferðastjórn, óljósum gatnamótum og hættulegum þverunum fyrir gangandi og hjólandi. **Glerárgata** er einnig varasöm fyrir gangandi vegfarendur þar sem hún er tveggja akreina í hvora átt.

Hjalteyrargata verður tengibraut en vöruflutningum verður beint um Laufásgötu að hafnarsvæði. Laufásgata mun tengjast Hjalteyrargötu annað hvort um Silfurtanga eða á suðurjaðri lóðar ÚA.

Ekki verður gert ráð fyrir þungaflutningum um **Strandgötu** milli Laufásgötu og Hjalteyrargötu. Akureyrarbær mun setja reglur um takmörkun umferðar stórra ökutækja um þann hluta Strandgötu.

Við endurhönnun gatna skal umferðaröryggi, umferðarmagn og umferðarhraði stýra útfærslu. Gerð gatnamóta og gangbrauta verður ákvörðuð í verkhönnun. Aðgreina skal gangandi og hjólandi frá akandi umferð á tengibrautum og koma skal upp öruggum gangbrautum við gatnamót. Gera skal ráð fyrir tvístefnu hjólastíg öðrum megin við tengibrautir.


Taka skal mið af blágrænum ofanvatnslausnum við endurhönnun tengibrauta. Ofanvatni skal beint að svæðum sem geta tekið við vatni í mikilli úrkomu og síað óhreinindi úr vatninu áður en það rennur til sjávar.

GANGSTÉTTAR

Gott aðgengi með vönduðum og öruggum gangstéttum hvetur til notkunar þeirra til samgangna og útivistar. Vanda skal yfirborð á gangstéttum þegar kemur að endurnýjun þeirra með malbiki eða hellum.

GÖTUR

Miðað er við að gatnakerfi austan Hjalteyrargötu verði með hámarksökuhraða 30 km/klst. Útfærsla gatna og gatnamóta miðist við þann hraða.



- Tengibrautir
- Aðalgötur

Laufásgata verður meginaðkomuleið fyrir þungaflutninga að hafnarsvæðinu. Gatan verður endurgerð og mun tengjast Hjalteyrargötu í norðri annað hvort um Silfurtanga eða á suðurjaðri lóðar ÚA. Báðir kostirnir eru sýndir á uppdráttum rammaskipulags með slitinni línu. Þeir verða bornir saman og skipulag ákveðið á deiliskipulagsstigi. Með því að beina þungaflutningum á Laufásgötu verður dregið úr umferðarþunga á Hjalteyrargötu. Ekki verður hringleið fyrir vöruflutninga frá Laufásgötu um Strandgötu að Hjalteyrargötu heldur verður Laufásgata nokkurs konar botnlangi að og frá hafnarsvæðinu fyrir þungaumferð.

Norðurgata verður endurhönnuð sem hrygglangan í íbúðarhverfinu með áherslu á yfirbragð sem hæfir byggðinni og öruggu samspili gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda.

Gatnamót skulu verða upphækkuð og hellulögð. Bílastæði samsíða götu verði aðgreind með hellurönd og gangstéttar hellulagðar frá Strandgötu að Grenivöllum og breikkaðar þar sem rými leyfir.

Gránufélagsgötu er ætlað að vera megin umferðarás fyrir gangandi og hjólandi í hverfinu og mun tengjast miðbænum og neðri-Brekku með endurbættri götumynd og öruggri þverun á umferðarljósum á gatnamótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu. Mögulega mætti útfæra gatnamótin með upphækkun og hellulögn sem nær austur að Gránufélagsgötu til að auka vægi gangandi vegfarenda. Áfram verður lokað fyrir bílaumferð inn í Gránufélagsgötu frá Glerárgötu.

Lagt er til að gangstétt að norðanverðu verði 3 m breið og hellulögð. Gert verði ráð fyrir samsíða bílastæðum í götu að sunnanverðu sem verði afmörkuð með hellurönd. Gangstétt að sunnanverðu verði með lágmarksbreidd og hellulögð.


4.2 HJÓLASTÍGAR

Gert er ráð fyrir hjólastígum samsíða gangstéttum við tengibrautir. Hjólastígarnir skulu vera aðgreindir frá göngustíg með hellurönd og málaðri línu, að lágmarki 25 cm. Ekki er gert ráð fyrir hæðarmun til að auðvelda rekstur stíganna s.s. mokstur og sópun. Hjólastígarnir skulu vera malbikaðir og að lágmarki 2,4 m á breidd að meðtöldu öryggissvæði. Tvístefnu hjólaumferð verður á stígnum og skal aðgreina hjóla-reinar með málaðri brotalínu. Einnig skal mála hjólavísa á stígana til að gera grein fyrir umferðarstefnu og aðgreiningu hjólandi og gangandi umferðar.

Í húsagötum skal setja upp skilti með hjólamerkingu ásamt því að mála merkingu á götur s.k. hjólavísi við gatnamót af tengibrautum. Hjólandi hafa sama rétt og akandi í húsagötum.

		Æskilegt	Lágmark
v	frá enda slitlags	0,10	0,00
	frá kantsteini, rífflum eða sambærilegu	0,25	0,10
h	frá hindrun hærri en 0,2 m (staurar, tré, grindverk)	0,65	0,50
a	milli tveggja hjólréiðamanna	0,75	0,30
	milli hjólréiðamanns og gangandi	0,50	0,20
	milli hjólréiðamanns og fólksbíls	0,50	0,40
	milli hjólréiðamanns og strætó/stærri bíls	1,00	0,70

(Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, 2012)



Það eru margir kostir sem fylgja aukinni hjóla-umferð, bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn. Samfélagið græðir á bættri lýðheilsu og ódýrari uppbyggingu innviða. Hjól sem samgöngutæki er ódýr kostur, áreiðanlegur, umhverfisvænn og heilsusamlegur. Þegar ferðast er á hjóli þarf ekki að reiða sig á tímatöflur, eiga það á hættu að lenda í bílaröðum eða finna ekki bílastæði.

(Cykelprogram för Malmö stad 2012-2019)



Dæmi um útfærslu á einstefnu hjólastíg samsíða gangstétt.



Hjólavísir skal merktur á húsagötum með hámarks hraðanum 30 km/klst.

- Tengibrautir
- Aðalgötur
- - - Aðalgötur, útfærslukostir
- Húsagötur
- - - Götur, stígar eða sjónlínur
- Hjólastígar
- Göngustígar
- Gangbrautir



15. mynd. Götur og stígar innan skipulagsins. Útfærsla gangbrauta getur verið með ólíkum hætti eftir staðsetningu. Lagt er m.a. til að við miðbæinn og Glerárgötu fái gata annað yfirborðsefni við gatnamót til að draga úr umferðarhraða.



- Tengibrautir
- Aðalgötur
- - - Aðalgötur, útfærslukostir
- Húsagötur
- Hjólastígar
- Göngustígar
- Upphækkuð, hellulögð gatnamót

Yfirbragð Norðurgötu verður bætt m.a. verða gatnamót upphækkuð og hellulögð, sbr. hringtákn.

4.3 GÖTULÝSING

Í vinnslu er ljósvistarSKIPULAG Akureyrarbæjar sem ákvarðar stefnu í götulýsingu. Þar kemur fram að á næstu 10 árum verði kvikasilfurlömpum sem eru í götu- og gangstígalýsingu skipt út fyrir LED lampa. Einnig kemur fram að ákveðið hefur verið að nota LED lampa í götulýsingar í nýjum götum bæjarins og við endurnýjun á núverandi lýsingu. Skipulagið gerir ráð fyrir að við endurnýjun ljósa á eldri hluta eyrarinnar verði settir upp sams konar lampar og notaðir eru í miðbænum og mun sú lampagerð teygja sig austur að Laufásgötu í Strandgötu og Gránufélagsgötu.

Miðbæjaralampar eru nú í Strandgötu og gert er ráð fyrir lömpum með samskonar útliti í eldri hluta byggðarinnar og austur eftir Gránufélagsgötu.





5 LANDNOTKUNARSTEFNA

NÚVERANDI LANDNOTKUN



Atvinnustarfsemi er mikil á og við Oddeyri. Þar er fjöldi fyrirtækja starfandi allt frá skrifstofum til verksmiðja. Stórir vinnustaðir tengdir höfninni eru á svæðinu. Alls taka atvinnulóðir um 70% af landrými Oddeyrar. Mörg störf eru innan hverfisins í hlutfalli við íbúatölu miðað við önnur hverfi bæjarins.





FRAMTÍÐAR LANDNOTKUN

Stefnt er að fjölgun íbúða á Oddeyrri með blandaðri byggð sem teygir sig út frá núverandi íbúðarbyggð.



5.1 ALMENN ÁKVÆÐI

- Gera skal húsakönnun áður en deiliskipulagsvinna einstakra reita hefst og samhliða henni úttekt á trjágróðri í samræmi við samþykkt um verndun trjáa á Akureyri
- Við gerð deiliskipulags og við hönnun bygginga skal tekið mið af reglugerðarákvæðum um hljóðvist.

5.1.1 ÍBÚÐARBYGGÐ

REGLUR:

- Núverandi íbúðarbyggð haldi smágerðu yfirbragði sínu
- Ný hús taki mið af stærð og hlutföllum aðliggjandi húsa
- Byggð við Strandgötu snúi framhlið að sjó

5.1.2 BLÖNDUÐ BYGGÐ

REGLUR:

- Nýjar byggingar skulu mynda skjólsæl og sólrík útirými
- Í blandaðri byggð geta íbúðir verið á efri hæðum verslunar- og þjónustubygginga
 - Fjölbreytt íbúðarform skulu vera í nýrri byggð
 - Lofthæð á jarðhæðum skal vera yfir 3 metrum í nýrri byggð
 - Rými skulu vera opin svo auðvelt sé að aðlaga að breyttri notkun
 - Íbúar skulu hafa aðgengi að dvalarsvæði utanhúss
- Byggingar skulu almennt vera 3-4 hæðir
 - Einstaka byggingar geta verið hærri en 4 hæðir og virkað sem kennileiti í bænum
- Vinnustöðum í blandaðri byggð verði settar reglur um hávaða utan dagvinnutíma



Dæmi um fjölbreytilega starfsemi á jarðhæðum.

Eitt af markmiðum skipulagsins er að fjölga íbúum á Oddeyri. Núverandi íbúðarhverfi er að mestu fullbyggt en nýta má land á aðliggjandi húsareitum betur. Á reitum fyrir blandaða byggð er gert ráð fyrir endurnýjun að hluta og þéttingu. Víða eru byggingar sem hvorki hafa mikið verð- né verndargildi. Í sumum þeirra er starfsemi sem gæti vel þrífist á jarðhæðum íbúðarhúsa en í öðrum er starfsemi sem hentar síður í nábýli við íbúðarbyggð. Uppbygging blandaðrar byggðar í grónu hverfi er langtímaverkefni og geta breytingar átt sér stað á einstaka húsareitum með breyttri starfsemi á svæðinu eða með endurnýjun stakra bygginga.

Þar sem fyrirhugað er að breyta núverandi húsnaði í íbúðir skal gera ráð fyrir sólríku dvalarsvæði og bílastæðum á lóð. Íbúðir skulu almennt hafa glugga til tveggja átta, þó geta íbúðir undir 50 m² verið einhliða hafi þær glugga til austurs, suðurs eða vesturs.



16. mynd. Dæmi um samsetningu blandaðrar byggðar. Atvinnustarfsemi getur falið í sér verslun, þjónustu og léttan iðnað.

5.1.3 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Verslun og þjónusta verður með óbreyttu sniði. Áhersla skal lögð á góða nýtingu lands og skoða skal notkun hvernar lóðar og hvers reits sérstaklega.

5.1.4 ATHAFNA- OG HAFNARSVÆÐI

Áhersla skal lögð á góða nýtingu lands og skoða skal notkun hvernar lóðar og hvers reits sérstaklega.

5.1.5 OPIN SVÆÐI

REGLUR:

- Opin svæði fái aukið notagildi
- Gera skal ráð fyrir opnum svæðum við skipulagningu reita fyrir blandaða byggð
- Gengið verði frá umhverfi Glerár með göngustíg og gróðri

Opin svæði eru eftirfarandi:

Nr.	Svæði	Gerð	Stærð (m ²) utan bygginga og bílastæða
1	Eiðsvöllur	hverfisgarður, skruðgarður	5.000
2	Eiðsvöllur	leikvöllur, afgirtur	1.700
3	Leikvöllur við Ránargötu	leikvöllur	480
4	Leikskólalóð lðavalla	leikvöllur, afgirtur	3.500
5	Skólalóð Oddeyrarskóla	leikvöllur	11.050
6	Opið svæði við Eyrarveg	grassvæði	1.500
7	Tvö opin svæði við Hjalteyrargötu	grassvæði, sparkvöllur	4.460 2.270
8	Lóð ÚA	einkalóð, skruðgarður	10.800
9	Tvær lóðir við Laufásgötu	einkalóðir, grassvæði, sparkvöllur	3.040 3.050



Núverandi opin svæði.
Ný svæði merkt appelsínugul.



Leikvellirnir í íbúðarbyggðinni hafa mikið notagildi fyrir börn.

Eiðsvöllur hefur mikið gildi fyrir ásýnd hverfisins og gefur andrými á milli þröngra gatna. Þar eru stígar, blóm og bekkir og komið hefur verið upp frísbý-golfvelli til að auka nýtingu svæðisins. Leiksvæðið skal flutt til innan opna svæðisins.

Grassvæði við Eyrarveg er andrými og myndar opnun í götumyndinni.

Við Hjalteyrargötu eru **grassvæði**, afgangssvæði í skipulagi, sem hafa verið notuð fyrir sparkvelli og sem geymslusvæði. Lagt er til að norðurhluti svæðanna verði hannaðir sem opin svæði í tengslum við göngu- og hjólaleið meðfram Hjalteyrargötu. Gert er ráð fyrir að byggt verði á hluta grassvæða vestan Hjalteyrargötu.

Á lóð ÚA er frágenginn **garður** með trjágróðri og stíg. Frágangur lóðarinnar er snyrtilegur og til fyrirmyndar. Tenging Laufásgötu við Hjalteyrargötu gæti haft áhrif á lóð ÚA.

Auðar lóðir við Laufásgötu, **grassvæði**, hafa einnig verið notaðar sem sparkvöllur. Gert er ráð fyrir að byggt verði á óbyggðum lóðum á núverandi athafna- og hafnarsvæðis.

Opin svæði í grennd við hverfið:

10	Göngustígur meðfram Strandgötu	göngustígur, aðgengi að sjó
11	Smábátahöfn við Hof, Torfunef	opið svæði, bátar, sjór
12	Íþróttavöllur Akureyrar	fótboltavöllur
13	Mylluklökk	útsýnisskífa og útivistarstígur
14	Göngustígur meðfram Glerá, að ósum	göngustígur, bátar, sjór

Fjölbreytni útivistarsvæða eykst ef meðtalin eru aðliggjandi svæði. Þau svæði nýtast fullorðnum frekar en börnum og tengjast göngustígakerfi bæjarins.

Fyrirhugað er að útbúa göngustíg meðfram Glerá í tengslum við núverandi stígakerfi. Verður þá hægt að ganga meðfram Glerá beggja vegna frá Glerárgötu til sjávar. Gróðursetja skal við lóðarmörk, trjá- og runnagróður, til að draga úr innsýn á athafnalóðir sunnan Glerár.

Gera skal ráð fyrir opnum svæðum í deiliskipulagi blandaðrar byggðar.

5.2 SÉRÁKVÆÐI DEILISKIPULAGSREITA

Skipulagssvæðinu hefur verið skipt niður í deiliskipulagssvæði og gilda sérákvæði um hvern reit þó innan reits geti verið fleiri en einn landnotkunarflokkur. Almenn ákvæði taka á hverjum landnotkunarflokki innan deiliskipulagsreitanna.



A - Núverandi íbúðarbyggð

B - Hvannavellir

C - Tryggvabraut og Furuvellir

D - Reitur milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu, þróunarreitur

E - Norðan Tryggvabrautar

F - Hafnarsvæði, norðurhluti

G - Hafnarsvæði, suðurhluti, þróunarreitur



Appelsínugult táknar athugunarsvæði. Fjólublátt táknar lausar lóðir og svæði fyrir nýjar lóðir.

5.2.1 A - NÚVERANDI ÍBÚÐARBYGGÐ

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
A	26,3 ha	Núv. 20 íb/ha Stefna: Núverandi þéttleiki	Íbúðarbyggð. Hæð nýrra bygginga sambærileg núverandi byggð. Ákvarðast í deiliskipulagi.	Suðurhluti: Deiliskipulag frá 1997 í gildi. Norðurhluti: Ekkert deiliskipulag í gildi.

Svæðið er að mestu fullbyggt og stefnt er að því að byggðin haldi smágerðu yfirbragði sínu. Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi húsakönnun elsta hluta hverfisins eru tvö hús friðlýst (friðuð skv. þágildandi þjóðminjalögum), prentsmiðjuhúsið við Norðurgötu 17 og Strandgata 23. Einhverjar húsaraðir hafa ákveðið gildi sem heild. Ákveðið varðveislugildi kemur þó ekki í veg fyrir enduruppbyggingu á lóðum ef nýjar byggingar styrkja þá eiginleika sem hafa varðveislugildi.

Hindranasvæði flugvallar er í 40 m.y.s. syðst á reitnum og fer hæst upp í 47,18 m nyrst.

Lagðir eru til þéttingarmöguleikar innan reitsins í formi uppbyggingar á lausum lóðum og á athugunarsvæðum.

LAUSAR LÓÐIR

Stefnt er að því að þetta núverandi byggð með því að fylla í skörð í byggðinni á auðum lóðum og svæðum. Þrjár lóðir eru óbyggðar í gamla hluta Eyrarinnar milli Eiðsvallagötu og Strandgötu.

L-1

Við austurenda Eiðsvallagötu og Eyrarvegar er lagt til að hús verði tvær til þrjár hæðir.

ATHUGUNARSVÆÐI

Fjallað er um athugunarsvæði **A-1** í kafla **5.2.3 C-Tryggvabraut og Furuvellir**.

A-2

Leitað skal lausna vegna aðkomu bíla að húsum við Glerárgötu 14-18, Fjólugötu 20 og Grænugötu 2 í deiliskipulagi, t.d. með þjónustugötu meðfram Glerárgötu. Mögulegt er einnig að endurnýja húsaröðina, finnist ásættanleg lausn á umferðarmálum.

A-3

Lögd er til þétting á húsareit á milli Glerárgötu og Lundargötu sem er skertur eftir að hús voru rifin vegna lagningar nýrrar Glerárgötu um 1980. Sum húsanna á reitnum þarfnast lagfæringar eða endurnýjunar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi. Mörg húsanna eru byggð um 1900 og eru friðuð skv. lögum um menningarminjar því ber að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef breyta/færa eða rífa á þau hús. Einhver húsanna væri mögulega hægt að flytja t.d. Strandgötu 19b.

Skipulagið gerir ráð fyrir endurskoðun þessa reits þar sem ný hús munu snúa framhliðum að Glerárgötu með forgarði og aðkomu fyrir gangandi frá gangstétt en aðkoma bíla geti verið frá hliðargötum Lundargötu. Gert er ráð fyrir raðhúsum og/eða litlum fjölbýlishúsum þar sem hvert íbúðarbil er með eigið útlit og útfærslu. Þannig fæst lífleg götummynd sem tekur mið af stærð og gerð gömlu húsanna í hverfinu. Hæðir húsa geta verið mismunandi t.d. kjallari, hæð og portbyggt ris með kvistum eða kjallari, tvær hæðir og lágt ris.

Tekið skal tillit til húsaraðarinnar við Lundargötu þar sem hún er talin hafa ákveðið varðveislugildi. Gert er ráð fyrir að fyllt verði í skörð með byggingum sem hæfa byggðinni.



Athugunarsvæði 3 gerir ráð fyrir að hús við Glerárgötu fái aðkomu og forgarð að götunni.

Dæmi um raðhús sem gætu fallið að núverandi byggð.



- Opín svæði
- Íbúðarbyggð
- Blönduð byggð
- Verslun og þjónusta
- Athafna- og hafnarsvæði



5.2.2 B- HVANNAVALLAREITUR

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
B	3,1 ha	Núv. nýtingar- hlutfall 0,7 Stefna: 1,2	Blönduð byggð þar sem gert er ráð fyrir 60 íbúðum í nýbyggingum. Heimilt er að útbúa íbúðir í núverandi byggingum með verslun og þjónustu á jarðhæðum. Nýjar byggingar verði almennt 1-4 hæðir en einstaka bygging verði hærri t.d. á horni Tryggvabrautar og Glerárgötu.	Deiliskipulag í vinnslu.

Svæðið er byggt upp á 6. og 7. áratugi 20. aldar með háum byggingum að Glerárgötu en lægri bakatil. Gert er ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á illa nýtttri lóð sem snýr að Glerárgötu, Tryggvabraut og Hvannavöllum. Einnig er talinn áhugaverður kostur að endurnýja byggingar sem snúa að Hvannavöllum með hærri byggð.

Hindranasvæði flugvallar er í 47,18 m.y.s.

5.2.3 C - TRYGGVABRAUT OG FURUVELLIR

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
C	7 ha	Núv. nýtingar- hlutfall ca. 0,3 Stefna: þétting, t.d. með því að byggja ofaná núverandi byggingar og á auðum lóðum	Verslun og þjónusta við Tryggvabraut. Blönduð byggð með íbúðum við Furuvelli. Heimilt er að útbúa íbúðir í núverandi byggingum með verslun og þjónustu á jarðhæðum. Byggja má ofaná núverandi byggingar eða reisa nýjar. Byggingar verði almennt 3-4 hæðir.	Ekki til.

Verslun og þjónusta með aðkomu frá Tryggvabraut verði með skammtíma bílastæðum í götu og útfærast af framkvæmdadeild Akureyrarbæjar. Önnur bílastæði skulu leyst innan lóða.

Leyfilegt er að breyta og hækka byggingar við Furuvelli og koma fyrir íbúðum á efri hæðum í samræmi við ákvæði um blandaða byggð.

Hindranasvæði flugvallar er í 47,18 m.y.s.

ATHUGUNARSVÆÐI

A-1

Svokallaður Lindureitur (lóð Linduhúss og aðliggjandi lóðir) er talinn álitlegur uppbyggingarkostur fyrir blandaða byggð með endurnýjun stakra bygginga. Möguleg nýting bygginga og lóða með þéttingu byggðar og fjölgun íbúa í huga skal tekið til athugunar í deiliskipulagi.

5.2.4 D – REITUR MILLI HJALTEYRARGÖTU OG LAUFÁSGÖTU, ÞRÓUNARREITUR

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
D	8,6 ha	Núv. nýtingarhlutfall ca. 0,2 Stefna: þétt byggð	Athafnasvæði að Laufásgötu að hluta. Blönduð byggð með íbúðum við endurnýjun bygginga. Nýjar byggingar verði almennt 3-4 hæðir.	Deiliskipulag frá 1997 í gildi. Þarfnast endurskoðunar.

Gert er ráð fyrir mikilli endurnýjun bygginga á svæðinu með enduruppbyggingu blandaðrar byggðar (sjá ákvæði í kafla 5.1.2. Blönduð byggð).

Gerð er krafa um íbúðir á efri hæðum í nýjum byggingum á reitnum. Í deiliskipulagi og hönnun bygginga skal taka mið af nálægð við atvinnusvæði, sem valdið geta truflun með umferð og hávaða. Miða skal við að íbúðarbyggð á svæðinu hafi ekki í för með sér íþyngjandi kvaðir eða kröfur á nálæga atvinnustarfsemi.

Ásýnd lóða á athafnasvæðum skal vera snyrtileg og yfirborð frágengið með föstu efni.

Hindranasvæði flugvallar er í 40 m.y.s. syðst á reitnum og fer hæst upp í 47,18 m nyrst.

5.2.5 E - NORÐAN TRYGGVABRAUTAR

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
E	7,4 ha	Núv. nýtingarhlutfall ca. 0,2 Stefna: nokkur þétting	Athafna- og iðnaðarsvæði með verslun og þjónustu að Tryggvabraut. Slökkvistöð við austurenda Tryggvabrautar. Nýjar byggingar verði almennt 3-5 hæðir.	Ekki til.



Lindureitur er táknaður A-1.



Svæðið rúmar meira byggingarmagn en þar er nú þar sem stór hluti lóðanna er nýttur sem útisvæði eða bílastæði. Virði lóðanna eykst með skipulagi sem gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni. Því ættu lóðarhafar að geta séð sér hag í uppbyggingu á svæðinu.

Byggingarlína meðfram Tryggvabraut skal halda sér. Samfelld gangstétt skal vera meðfram byggingum við Tryggvabraut. Ekki er gert ráð fyrir gangstétt samsíða götu norðan Tryggvabrautar.

Ganga skal frá lóðamörkum við Glerá með trjá- og runnagróðri í samráði við Akureyrarbæ.

Opið svæði er meðfram Glerá með göngustíg og gróðri.



■	Opin svæði
■	Íbúðarbyggð
■	Blönduð byggð
■	Verslun og þjónusta
■	Athafna- og hafnarsvæði

5.2.6 F - HAFNARSVÆÐI, NORÐURHLUTI

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
F	35,5 ha	Skv. deiliskipulagi	Athafna- og hafnarsvæði Óbreytt landnotkun	Deiliskipulag frá 1997 í gildi.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum sem hafa áhrif á meginatriði gildandi deiliskipulags.

Útfærsla á gatnamótum Hjalteyrargötu og Laufásgötu verður með því markmiði að þungaflutningar fari um Laufásgötu. Útfærslan verður í höndum framkvæmdaildar Akureyrarbæjar.

Opið svæði er meðfram Glerá með göngustíg og gróðri.

Hindranasvæði flugvallar er í 47,18 m.y.s.

5.2.7 G – HAFNARSVÆÐI, SUÐURHLUTI

Nr.	Stærð	Þéttleiki	Stefna	Deiliskipulag
E	9,9 ha	Núv. nýtingar- hlutfall 0,1 Stefna: óbreytt	Athafna- og hafnarsvæði Óbreytt landnotkun	Deiliskipulag frá 1997 í gildi.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á svæðinu í náinni framtíð. Í viðauka er fjallað um framtíð Oddeyrartanga.

Hindranasvæði flugvallar er í 40 m.y.s. syðst á reitnum og fer hæst upp í 47,18 m nyrst.

6 MEGINREGLUR SKIPULAGSINS - SAMANTEKT

- Tengibrautir verði endurbættar með áherslu á minni umferðarhraða og aðgengi fyrir hjólandi og gangandi
 - unnið í samvinnu við framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og Vegagerðina
- Bætt aðgengi gangandi og hjólandi
 - með samfelldum gönguleiðum
 - með hjólastígum og merkingum (vísunum)
- Laufásgata mun tengjast Hjalteyrargötu
 - Þungaflutningum verði beint um Laufásgötu en frá Strandgötu og Hjalteyrargötu
- Norðurgata verði hrygglangan í íbúðarbyggðinni með bættu öryggi og umhverfisfrágangi
- Gránufélagsgata verði gönguás sem tengir Neðri-Brekku við Oddeyri að höfn.
- Eiðsvallagata verði opnuð til austurs við gatnamót Hjalteyrargötu til samræmis við aðrar húsagötur.
- Núverandi gatnanet og rýmismyndun verði ráðandi við skipulagningu reita
 - Sjónlínur úr götum verði opnar til sjávar
- Almenningsrými verði bætt með tilliti til öryggis, þæginda og ánægju
- Gera skal húsakönnun áður en deiliskipulagsvinna einstakra reita hefst og samhliða henni úttekt á trjágróðri í samræmi við samþykkt um verndun trjáa á Akureyri
- Við gerð deiliskipulags og við hönnun bygginga skal tekið mið af reglugerðarákvæðum um hljóðvist.
- Núverandi íbúðarbyggð haldi smágerðu yfirbragði sínu

- Ný hús taki mið af stærð og hlutföllum aðliggjandi húsa
- Byggð við Strandgötu snúi framhlið að sjó
- Nýjar byggingar skulu mynda skjólsæl og sólrík útirými
- Í blandaðri byggð geta íbúðir verið á efri hæðum verslunar- og þjónustubygginga
 - Fjölbreytt íbúðarform skulu vera í nýrri byggð
 - Lofthæð á jarðhæðum skal vera yfir 3 metrum í nýrri byggð
 - Rými skulu vera opin svo auðvelt sé að aðlagða að breytttri notkun
 - Íbúar skulu hafa aðgengi að dvalarsvæði utanhúss
- Byggingar skulu almennt vera 3-4 hæðir
 - Einstaka byggingar geta verið hærri en 4 hæðir og virkað sem kennileiti í bænum
- Vinnustöðum í blandaðri byggð verði settar reglur um hávaða utan dagvinnutíma
- Opin svæði fái aukið notagildi
- Gera skal ráð fyrir opnum svæðum við skipulagningu reita fyrir blandaða byggð
- Gengið verði frá umhverfi Glerár með göngustíg og gróðri

7 FRAMKVÆMDIR SKV. SKIPULAGI

Eftir gildistöku skipulagsins skal vinna deiliskipulag fyrir hvern reit. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir leyfilegu byggingarmagni á hverri lóð og sett ákvæði um notkun þeirra. Ekki er þó framkvæmda-skylda á lóðarhöfum. Uppbygging sem stríðir gegn meginlínum skipulagsins er óheimil.

Akureyrarbær mun m.a. hanna og sjá um endurgerð gatna og gangstétta ásamt Vegagerðinni þar sem það á við.

8 UMHVERFISSKÝRSLA

8.1 YFIRLIT OG SAMANTEKT

Við vinnslu skipulagsins og ákvarðanatöku um stefnumörkun var unnið með valkosti í matstöflum þar sem valdir voru viðeigandi efnisflokkar (umhverfisþættir) sem gætu orðið fyrir áhrifum við val á landnýtingu. Hver deiliskipulagsreitur fékk umfjöllun (ekki E og F þar sem ekki er ráðgerð breyting á landnotkun þeirra) auk legu tengibrauta. Töflurnar ásamt niðurstöðum eru settar fram í kafla 8.5 Valkostir.

Stefna skipulagsins er almennt í samræmi við aðrar áætlanir sem tilgreindar eru í kafla 2.4. þar sem lögð er áhersla á þéttingu byggðar, gæði umhverfis og fjölbreytt húsnæði. Einnig styður skipulagið sjálfbærni í samgöngum og heilnæmt umhverfi s.s. með göngu- og hjólastígum, blágrænum ofanvatnslausnum og bættri hljóðvist.

Þær framkvæmdir sem liggja fyrir í skipulaginu eru:

- Endurgerð Hjalteyrargötu, sem er í hlutverki tengibrautar í dag, með bættu aðgengi gangandi og hjólandi.
- Endurgerð Laufásgötu, sem er í hlutverki húsagötu í dag, og tenging hennar að Hjalteyrargötu. Ný gata verður um 350 m löng og fer um lóð ÚA.
- Endurgerð Tryggvabrautar, sem er tengibraut, með bættu aðgengi gangandi og hjólandi.
- Endurgerð Glerárgötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, með bættu aðgengi gangandi og hjólandi.
- Umhverfisfrágangur í núverandi íbúðarhverfi, s.s. endurgerð gatna, gangstétta og götulýsingar.
- Uppbygging á auðum lóðum.
- Niðurrif/færsla húsa til enduruppbyggingar á lóðum/reitum.
- Göngustígur meðfram sunnanverðri Glerá.
- Hjólastígar meðfram Glerárgötu, Strandgötu, Hjalteyrargötu og Tryggvabraut.

Skipulagssvæðið er allt á röskuðu landi í eldri byggð. Endurbygging vega fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 10.10 í 1. viðauka. Skipulagsáætlunin fellur því undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Framkvæmdir við endurbyggingu tengibrautanna sem

tilgreindar eru í skipulaginu eru tilkynningskyldar til sveitarfélags sem mun taka ákvörðun um matsskyldu framkvæmdanna.

Að umhverfismatinu stóðu skipulagsráðgjafar og skipulagsnefnd Akureyrar sem tók afstöðu til áhrifa skipulagskosta á umhverfispætti. Niðurstaða var ákvörðuð út frá heildaráhrifum á umhverfispætti.

Helsti umhverfispátturinn sem verður fyrir áhrifum með framfylgd skipulagsins er **byggðamynstur**. Jákvæð áhrif verða af þéttingu byggðar, með fjölbreyttu búsetuformi og fjölgun íbúa í hverfinu sem munu búa í nálægð við skóla og fjölbreytta þjónustu.

Einnig verða jákvæð áhrif á **samgöngur**, sem skulu vera skilvirkar og öruggar með samfelldu gatna-, hjóla- og göngustíganeti.

8.2 GRUNNÁSTAND

Upplýsingar um grunnástand má lesa í forsendum skipulagstillögunnar.

Þar sem starfsemi gæti hafa mengað jarðveg skal það rannsakað nánar og viðeigandi aðgerðir viðhafðar til hreinsunar í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

8.3 UMHVERFISPÆTTIR, AÐFERÐ OG VIÐMIÐ

Við mat á áhrifum skipulagsins á umhverfið voru valdir viðeigandi umhverfispættir út frá mögulegum áhrifum skipulagsins á þá. Áhrifin voru metin sem jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss og er áhrifunum lýst í orðum en venslatafla höfð til hliðsjónar þar sem hún gefur gott sjónrænt yfirlit.

Stuðst var við eftirfarandi heimildir/viðmið við vinnu skipulagsins (sbr. heimildaskrá):

- Cykelprogram för Malmö stad 2012-2019
- Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu
- Livet mellem husene
- Hönnun fyrir reiðhjól. Leiðbeiningar.
- Oddeyri húsakönnun
- Landsskipulagsstefna
- Skipulagsreglugerð
- Vistvænt skipulag þéttbýlis

Jákvæð áhrif	+
Neikvæð áhrif	-
Óveruleg áhrif	0
Áhrif óviss	?

Stefna um vistvæna byggð		
Heilsufar	+	
Útivist og tómstundir	+	
Samgöngustefna		
Vatnsgæði	+	
Heilsufar	+	
Öryggi	+	
Efnisleg verðmæti	+	
Landnotkunarstefna		
Loftgæði	?	
Efnahagur og atvinnulíf	+	-
Íbúðapróun	+	
Verslun og þjónusta	+	
Efnisleg verðmæti	+	
Menningarminjar	+	

8.4 UMHVERFISMAT

Áhrif skipulagsins á umhverfispáttinn **loftgæði** eru **óviss**. Leitast er eftir því að draga úr almennri bílaumferð með göngu- og hjólastígum en með aukinni uppbyggingu á svæðinu, s.s. fjölgun íbúa, verslana og þjónustu má gera ráð fyrir aukinni bílaumferð.

Gert er ráð fyrir að unnið verði með blágrænar lausnir við endurgerð tengibrauta og draga þannig úr menguðu vatni sem rennur til sjávar. Áhrif á **vatnsgæði** eru því **jákvæð**.

Vonast er til að bætt aðgengi gangandi og hjólandi leiði til aukinnar notkunar stíga og þar með bættrar lýðheilsu. Áhersla er lögð á að nýjar byggingar myndi skjólsæl og sólrík útirými auk þess sem opin svæði fái aukið notagildi. Áhrif á **heilsufar, útivist og tómstundir** eru því **jákvæð**.

Gert er ráð fyrir ýmsum aðgerðum í tengslum við umhverfisfrágang og endurhönnun tengibrauta sem mun auka öryggi fólks í umferðinni, s.s. með því að draga úr umferðarhraða með upphækkuðum gatnamótum, fjölgun gangbrauta og aðgreiningu hjólandi frá annarri umferð. Áhrif skipulagsins á umhverfispáttinn **öryggi** eru því **jákvæð**.

Með áherslu á blandaða byggð er verið að beina landfrekri starfsemi og iðnaði sem á síður samleið með íbúðarbyggð að jaðarsvæðum bæjarins. Lóðirnar eru taldar verðmætar vegna nálægðar við miðbæ. Lóðarhagar geta því séð sér hag í endurnýjun og uppbyggingu lóða sinna. Aukin uppbygging með byggingum, grunnvirkjum og umhverfisfrágangi hefur **jákvæð** áhrif á umhverfispáttinn **efnisleg verðmæti**.

Með aukinni nýtingu lóða eins og stefnt er að, bæði í blandaðri byggð og á athafnasvæðum, má gera ráð fyrir fjölgun íbúða og atvinnuhúsnaðis sem hefur **jákvæð** áhrif á **verslun, þjónustu, efnahag, atvinnulíf og íbúðapróun**. Ákveðinn þrýstingur myndast þó á landfreka starfsemi vegna verðmæti lóða og á starfsemi sem er hávaðasöm og/eða lyktarmengandi vegna nábylis við íbúðir. Ekki er þó gert ráð fyrir að starfsemi flytjist nema á eigin forsendum. Áhrif á **atvinnulíf** eru því einnig metin **neikvæð**.

Ákveðnar húsaraðir í íbúðarhverfinu hafa verið merktar sem varðveisluverðar heildir en húsakönnun hefur eingöngu verið unnin fyrir suðurhluta Oddeyrar. Húsakönnun fyrir íbúðarhverfið í heild verður unnin við deiliskipulagsgerð. Áhrif á umhverfispáttinn **menningarminjar** er **jákvæð**.

8.5 VALKOSTIR

Við ákvarðanatöku um landnýtingu og legu tengibrauta var gerð valkostagreining fyrir hvern deiliskipulagsreit þar sem núll-kostur var borinn saman við mögulegar breytingar. Niðurstöður má lesa í meðfylgjandi töflum.

Tengibraut 			
	01	02	03
Umhverfispættir	Lýsing	Hjalteyrargata	Laufásgata
Mengun	- hljóð - ryk	★ Á austurjaðri byggðar	★ Minni mengun við íbúðarbyggð
Byggðamynstur	- samhengi reita - yfirbragð gatna	★ Gefur ekki kost á samfelldri íbúðarbyggð til austurs ★ Ólíkt yfirbragð beggja vegna götu	★ Opnast byggingarmöguleikar íbúðarsvæðis ★ Þröngt götustæði
Efnahagur	- lóðasamningar - fasteignir - framkvæmdakostnaður - hagrænin þættir, rekstur o.fl.	★ Enginn ágreiningur um eignarhald ★ Endurnýjun en núverandi gata nýtist líklega að miklu leiti	★ Lóðamál við ÚA ★ Tengibraut, nýtt mannvirki að hluta Endurnýjun og aðlögun ★ Hjalteyrargötu e.t.v. lögð af í núverandi mynd
Samgöngur	- kerfið í heild - tengsl við höfn - tengsl við athafnasvæði - tengsl við íbúðarsvæði	★ Þjónar bæði hafnar- / athafnasvæði og íbúðarbyggð	★ Þrengsli við Strandgötu
Umferðaröryggi	- akandi - hjólandi - gangandi	★ Slæmt í núverandi mynd ★ Háð útfærslu	★ Slæmt í núverandi mynd ★ Háð útfærslu ★ Takmarkað rými fyrir hjólarein
Niðurstaða		Nýtt sem tengibraut á skipulagstímabilinu. Endurbætt umhverfi	Laufásgata verði þjónustugata fyrir athafna- og hafnarsvæðið í endurbættri mynd.

Stefna um legu tengibrautar, annað hvort eftir Hjalteyrargötu eða Laufásgötu, var metin.

Áhrif valinna kosta á umhverfispætti voru metin sem neikvæð, jákvæð, óviss, háð útfærslu eða óviðeigandi, sbr. skýringar:

- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu
- ★ Á ekki við

Metinn var sá kostur að endurnýja og þetta núverandi íbúðarhverfi til samaburðar við óbreytt ástand.

- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu
- ★ Á ekki við

A-Landnýting núverandi íbúðarhverfis			
	01	02	03
Umhverfisþættir	Lýsing	Óbreytt íbúðarhverfi	Mikil endurnýjun og þétting
Byggðamynstur	- samhengi reita - fjarlægð í þjónustu - yfirbragð byggðar - þéttleiki byggðar - göturými - almenningssrými	★ Gott ástand, óbreytt ★ Fá opin svæði	★ Háð útfærslu, halda helstu eiginleikum hverfisins
Efnisleg verðmæti	- gerð, stærð og aldur húsnaðis - eignarhald - framboð og eftirspurn - nýting - nýbyggingar - veitur	★ Þörf á endurnýjun og lagfæringum víða ★ Þéttingarmöguleikar	★ Miklar afskriftir ★ Mörg léleg hús ★ Sterkari rekstrareining, skóli og þjónustukerfi
Mengun	- hljóð - ryk - lykt - titringur	★	★ Aukin umferð
Vernd	- húsafríðun - hverfisvernd	★ Friðuð hús vegna aldurs	★ Ákvæði um yfirbragð og einkenni byggðar á suðurhluta ★ Friðuð hús vegna aldurs
Náttúruvá	- flóðahætta - hækkun sjávarstöðu	★ Flóðahætta	★ Flóðahætta
Samfélagsöryggi	- umferðaröryggi (akandi, hjólandi og gangandi) - glæpir	★ Bætt umferðaröryggi með endurbótum	★ Aukin umferð ★ Öryggi bætt með endurbótum
Samgöngur	- kerfið í heild - tengsl við skóla - tengsl við þjónustu - tengsl við önnur bæjarhverfi	★ Hefðbundið gatnanet ★ Góð tengsl við skóla og aðra þjónustu ★ Glerárgata	★ Hefðbundið gatnanet ★ Góð tengsl við skóla og aðra þjónustu ★ Glerárgata
Vatnsflæði - gegndræpi	- gróðurþekja	★	★
Veðurfar	- skjólmyndun - gróðurfar	★ Gamalt og gróið, skjólgott	★ Skjólmyndun háð útfærslu
Niðurstaða		★ Uppbygging á auðum lóðum og tvö athugunarsvæði með áherslu á sama yfirbragð byggðar.	★ Óraunhæft

B-Landnýting við Hvannavelli 			
	01	02	03
Umhverfispættir	Lýsing	Óbreytt, verslun og þjónusta. Þétting	Blönduð byggð íbúða og atvinnu
Byggðamynstur	-samhengi reita -fjarlægð í þjónustu -yfirbragð byggðar -þéttleiki byggðar -göturými -almenningsrými	★ Uppbyggingarmöguleikar meðfram Hvannavöllum og Tryggvabraut ★ Nálægð við íbúðarbyggð	★ Uppbyggingarmöguleikar meðfram Hvannavöllum og Tryggvabraut ★ Breyting á Lindureit æskileg ★ Nálægt skóla og annarri þjónustu
Efnisleg verðmæti	-gerð, stærð og aldur húsnæðis -eignarhald -framboð og eftirspurn -nýting -nýbyggingar -veitur	★ Stór auð lóð nyrst ★ Bakhús afskrifuð ★ Allt í einkaeign	★ Stór auð lóð nyrst ★ Bakhús afskrifuð ★ Allt í einkaeign
Mengun	-hljóð -ryk -lykt -titringur	★ Háð starfsemi	★ Umferðarhávaði, íbúðir ★ Háð starfsemi
Vernd	-húsafríðun -hverfisvernd	★ Braggar fjarlægðir, ekki fargað ★ Engin vernd	★ Braggar fjarlægðir, ekki fargað ★ Engin vernd
Náttúruvá	-flóðahætta -hækkun sjávarstöðu	★	★
Samfélagsöryggi	-umferðaröryggi (akandi, hjólandi og gangandi) -glæpir	★	★ Hætta fyrir skólabörn við Hvannavelli
Samgöngur	-kerfið í heild -tengsl við skóla -tengsl við þjónustu -tengsl við önnur bæjarhverfi	★ Úrbætur við Tryggvabraut - Hvannavellir	★ Úrbætur við Tryggvabraut - Hvannavellir ★ Gönguleið að skóla
Vatnsflæði - gegndræpi	-gróðurþekja	★	★
Veðurfar	-skjólmyndun -gróðurfar	★ Núverandi ★ Skjólmyndun með nýrri byggð	★ Skjólmyndun með nýrri byggð
Niðurstaða		✗	✓

Tveir valkostir um
nýtingu lands við
Hvannavelli voru
bornir saman.

Þétting með verslun
og þjónustu eða
blönduð byggð.

- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu
- ★ Á ekki við

Tveir valkostir um nýtingu lands sunnan Tryggvabrautar og við Furuvelli voru bornir saman.

Óbreytt ástand eða blönduð byggð.

- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu
- ★ Á ekki við

C-Landnýting við Tryggvabraut og Furuvelli 			
	01	02	03
Umhverfispættir	Lýsing	Óbreytt	Blönduð byggð íbúða og atvinnu
Byggðamynstur	- samhengi reita - aðgengi kúnna / fjarlægð í þjónustu - yfirbragð byggðar - þéttleiki byggðar - göturými - almenningsrými	★ Nálægt heimilum ★ Návígi við íbúðarbyggð ★ Gott að gengi að þjónustu ★ Skipulagt sem athafnasvæði	★ Nálægð við skóla og þjónustu ★ Núverandi byggingar henta illa fyrir íbúðir ★ Íbúðarbyggð á Lindureit æskileg
Efnisleg verðmæti	- gerð, stærð og aldur húsnaðis - eignarhald - framboð og eftirspurn - nýting - nýbyggingar - veitur	★ Óbreytt starfsemi	Núverandi byggingar henta illa fyrir íbúðir ★ Endurhæfing eða endurnýjun húsa ★ Flutningur fyrirtækja
Mengun	- hljóð - ryk - lykt - titringur	★ Hávaði, áhrif á nærliggjandi byggð ★ Lykt	★ Hávaði, áhrif á íbúa og nærliggjandi byggð ★ Lykt
Vernd	- húsafríðun - hverfisvernd	★ Væntanlega engin húsavernd. Húsakönnun	★ Væntanlega engin húsavernd. Húsakönnun
Náttúruvá	- flóðahætta - hækkun sjávarstöðu	★	★
Samfélagsöryggi	- umferðaröryggi (akandi, hjólandi og gangandi) - glæpir	★ Gott flæði fyrir akandi ★ Ekki samfelldar gönguleiðir	★ Endurskoðun gatna og gönguleiða í skipulagi
Samgöngur	- kerfið í heild - tengsl við skóla - tengsl við þjónustu - tengsl við önnur bæjarhverfi	★	★ Gönguleið að skóla
Vatnsflæði - gegndræpi	- gróðurþekja	★	★
Veðurfar	- skjólmyndun - gróðurfar	★	★
Niðurstaða		🔍 Umhverfisbætur, mótvægisáðgerðir	Tvískipt svæði. Óbreytt á austurluta, bl. íb/atv á vesturluta við Hvannavelli m.a. vegna nálægðar við skóla

D-Reitur á milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu

	01	02	03	04
Umhverfispættir	Lýsing	Óbreytt, athafnasvæði. Þétting og endurnýjun	Blönduð byggð íbúða og atvinnu	Íbúðarbyggð
Byggðamynstur	- samhengi reita - aðgengi kúnna / fjarlægð í þjónustu - yfirbragð byggðar - þéttleiki byggðar - göturými - almenningsrími	★ Með endurnýjun fást fjölbreyttir skipulagskostir ★ Ómótað og ófrágengið ★ bæjarumhverfi. Endurbætur á bæjarmynd nauðsynlegar	★ Háð útfærslu tengibrautar  ★ Hjalteyrargata takmarkar ★ aðlögun við núverandi íbúðarbyggð	★ Háð útfærslu tengibrautar  ★ Með alsherjar endurnýjun ★ fást fjölbreyttir skipulagskostir
Efnisleg verðmæti	- gerð, stærð og aldur húsnæðis - eignarhald - framboð og eftirspurn - nýting - nýbyggingar - veitur	★ Góð hús sem nýtast og einfaldar iðnaðarbyggingar og skúrar sem auðvelt er að endurnýja	★ Góð hús sem nýtast og einfaldar iðnaðarbyggingar og skúrar sem auðvelt er að endurnýja	★ Varanleg hús ekki heppileg sem íbúðarhús ★ E.t.v. miklar afskriftir
Mengun	- hljóð - ryk - lykt - titringur	★ Litlar líkur á hagsmunaárekstrum	★ Hagsmunaárekstrar atvinnulífs og íbúðarbyggðar ★ Mögulegt að takmarka truflandi starfsemi	★ Nálægð við hafnarsvæðið
Vernd	- húsafriðun - hverfisvernd	★ Engin vernd	★ Engin vernd	★ Engin vernd
Náttúruvá	- flóðahætta - hækkun sjávarstöðu	★ Flóðahætta	★ Flóðahætta	★ Flóðahætta
Samfélagsöryggi	- umferðaröryggi - glæpir	★ Háð útfærslu	★ Háð útfærslu	★ Háð útfærslu
Samgöngur	- kerfið í heild - tengsl við skóla - tengsl við þjónustu - tengsl við önnur bæjarhverfi	★	★ Skólasókn yfir Hjalteyrargötu ★ Tengist gömlu byggðinni á Eyrinni	★ Skólasókn yfir Hjalteyrargötu ★ Tengist gömlu byggðinni á Eyrinni
Vatnsflæði - gegndræpi	- gróðurþekja	★ Á ekki við	★ Á ekki við	★ Á ekki við
Veðurfar	- skjólmýndun - gróðurfar	★ Núverandi ★ Háð útfærslu	★ Núverandi ★ Háð útfærslu	★ Núverandi ★ Háð útfærslu
Niðurstaða		✗ Lokar á tengingu við byggð á Oddeyrartanga	✓ Tvískipt svæði. Atvinnustarfsemi á NA- hluta, íbúðarsvæði, blandað, á SV-hluta	✗ Óraunhæft

Þrír valkostir um
nýtingu lands á reit
milli Hjalteyrargötu
og Laufásgötu
voru bornir saman.
Allir kostir fela í sér
endurnýjun
húsnæðis.

Athafnasvæði,
blönduð byggð
eða íbúðarbyggð.

- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu
- ★ Á ekki við

Tveir valkostir um nýtingu lands á Oddeyrartanga.

Óbreytt ástand eða blönduð byggð.

Breytt landnotkun á reitnum er háð því að núverandi starfsemi flytjist á eigin forsendum.

- ★ Neikvæð áhrif
- ★ Jákvæð áhrif
- ★ Óviss áhrif
- ★ Háð útfærslu
- ★ Á ekki við

G-hafnarsvæði suðurhluti			
	01	02	03
Umhverfisþættir	Lýsing	Óbreytt - hafnarsvæði	Blönduð byggð, atvinna og íbúðir, stækkun miðbæjar
Byggðamynstur	-samhengi reita -aðgengi kúnna -yfirbragð byggðar -þéttleiki byggðar -göturými -almenningsrími	★ Á ekki við	★ Íbúðarsvæði í Kelduhverfi nauðsynlegur tengiliður ★ Alsherjarendurnýjun bygginga, margir skýpulgaskostir ★ Viðbót við samfellda húsaröð Strandgötu
Efnisleg verðmæti	-gerð, stærð og aldur húsnaðis -eignarhald -framboð og eftirspurn -nýting -nýbyggingar -veitur	★ Fjölbreyttar og verðmætar eignir og starfsemi	★ Núverandi byggingar fluttar eða afskrifaðar
Mengun	-hljóð -ryk -lykt -titringur	★ Áhrif á hugsanlega íbúðarbyggð í Kelduhverfi ★ Gagnvart athafnasvæði í Kelduhverfi	★ Hagsmunaaárekstrar atvinnulífs og íbúðarbyggðar
Vernd	-húsafríðun -hverfisvernd	★ Engin	★ Engin
Náttúruvá	-flóðahætta -hækkun sjávarstöðu	★ Flóðahætta	★ Flóðahætta
Samfélagsöryggi	-umferðaröryggi -glæpir	★ Á ekki við	★ Háð út færslu
Samgöngur	-kerfið í heild -tengsl við skóla -tengsl við þjónustu -tengsl við önnur bæjarhverfi	★ Aðgengilegar tengibrautir ★ Góð tenging við þjónustuaðila	★ Góð tengsl við miðbæ ★ Nálægð við atvinnu og þjónustu
Vatnsflæði - gegndræpi	-gróðurþekja	★ Á ekki við	★ Á ekki við
Veðurfar	-skjólmyndun -gróðurfar	★ Á ekki við	★ Skjólmyndun möguleg með nýrri byggð
Niðurstaða		✓ Óbreytt starfsemi í nánustu framtíð	★ Langtímastefna. Háð uppbyggingu á Dysnesi

9 KYNNING OG AUGLÝSING

9.1 LÝSING

Unnin var lýsing á skipulagsverkefninu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem send var Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Lýsingin var auglýst í Dagskránni 23. september 2015 og var aðgengileg á heimasíðu skipulagsdeildar og í þjónustuanddyri Ráðhússins. Gafst almenningi og hagsmunaaðilum kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Samráðsfundir voru haldnir með Hafnarsamlagi Norðurlands 24. september 2015 og hverfisnefnd Oddeyrar 30. september 2015.

Almennur kynningarfundur var haldinn 1. október 2015 þar sem unnið var með umræðuhópa fyrir atvinnurekendur og íbúa á svæðinu. Á fundinn mættu um 40 manns.

Átta athugasemdir bárust, auk fjögurra umsagna, sem hafðar voru til hliðsjónar við stefnumörkun skipulagsins.

9.2 DRÖG AÐ RAMMASKIPULAGI

Drög að rammaskipulagi voru kynnt skipulagsnefnd 22. júní 2016.

9.3 KYNNINGARFUNDIR

Almennur kynningarfundur var haldinn 2. nóvember 2016 þar sem drög að rammaskipulagi voru kynnt. Gefinn var kostur á að senda inn ábendingar til 23. nóvember 2016. Ábendingar komur frá 11 aðilum eða stofnunum, sem allar voru teknar til skoðunar og gáfu þær tilefni til nokkurra breytinga og lagfæringa á skipulagstillögunni.

Tillaga að rammahluta aðalskipulags var samþykkt til auglýsingar í skipulagsráði 11. janúar 2017 og í bæjarstjórn 17. janúar 2017.

Kynning á tillögunni var haldinn þann 8. maí 2017 þar sem gerð var grein fyrir skipulagstillögunni og svarað fyrirspurnum.

9.4 UMSAGNARAÐILAR

Eftirtöldum umsagnaraðilum var send tillagan til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veitustofnanir
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin, vegasvið
- Vegagerðin, siglingasvið
- Isavia
- Hverfisnefnd Oddeyrar
- Hafnarsamlag Norðurlands
- Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar

9.5 AUGLÝSING

Skipulagstillagan var auglýst með athugasemdafresti frá 26. apríl til 7. júní 2017. 3 athugasemdir bárust og 8 umsagnir.

9.6 AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

Skipulagsnefnd afgreiddi athugasemdir og gekk frá skipulagstillögunni til samþykktar á fundi sínum 16. ágúst 2017.

9.7 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma, gáfu tilefni til eftirtalinna breytinga á skipulagstillögunni:

BREYTINGARBLAÐ AÐALSKIPULAGS:

- Villa á aðalskipulagsupprætti leiðrétt: Merking á Eiðsvelli verður 2.11.4 O (var S).
- Skipulagsákvæði á reitum 2.11.10, 2.11.20, 2.11.17 og 2.11.18 eru gerð ítarlegri til samræmis við 5. kafla rammaskipulagsins.

RAMMASKIPULAG:

- Nýr kafli **2.8 Lagnakerfi**. Almennur texti og skýringarmynd sem sýnir stofnlagnir hitaveitu og vatnsveitu og þrýstilögn fráveitu. Að öðru leyti er ekki fjallað um lagnir í rammaskipulaginu.
- Nær allir uppdrættir í greinargerð eru uppfærðir til samræmis við breytingar á framsetningu framtíðargatnakerfis (valkostir við tengingu Laufásgötu við Hjalteyrargötu).
- Kafli 4.
 - Þjónustugata meðfram ströndinni milli Silfurtanga og Laufásgötu felld út.
 - Settir inn valkostir um tengingu Laufásgötu við Hjalteyrargötu. Endanleg lausn verður ákvörðuð í deiliskipulagi.
 - Kafli 4.1. Sett stefna um hámarkshraða austan Hjalteyrargötu, 30 km/klst.
- Kafli 5.2.4, D-reitur: Sett inn eftirfarandi ákvæði: *Í deiliskipulagi og hönnun bygginga skal taka mið af nálægð við atvinnusvæði, sem valdið geta truflun með umferð og hávaða. Miða skal við að íbúðarbyggð á svæðinu hafi ekki í för með sér íþyngjandi kvaðir eða kröfur á nálæga atvinnustarfsemi.*

BREYTINGAR FYRIR AUGLÝSINGU AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030

Skipulagsáætlun þessi er hluti tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Eftirfarandi lagfæringar voru gerðar fyrir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar:

- Dagsetning á forsiðu er uppfærð miðað við samþykkt um auglýsingu endurskoðaðs aðalskipulags.
- Kafli 2.2: Aðalskipulagsuppdráttur á bl. 12, mynd 4, er uppfærð með nýjum aðalskipulagsuppdrætti. Felldur er út uppdráttur, mynd 5, þar sem gerð er grein fyrir breytingum á þágildandi aðalskipulagi ásamt lista yfir þær breytingar.
- Nokkur minni háttar samræmingaratriði – ekki efnislegar breytingar.

10 AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA

Rammahluti aðalskipulags Akureyrar 2018-2030, Oddeyri, var auglýstur skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____.

Skipulagið var samþykkt í skipulagsráði _____

og í bæjarstjórn Akureyrar _____

bæjarstjóri

Rammahluti aðalskipulags Akureyrar 2018-2030, Oddeyri, var staðfestur af Skipulagsstofnun

Gildistaka skipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda _____

11 HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 (2014). Uppfært með síðari breytingum.

Tillaga að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Aðgerðaaætlun gegn hávaða 2015-2020. Apríl 2015, Akureyrarbær

Aðgerðaaætlun gegn hávaða 2013-2018. Desember 2014, Akureyrarbær og Vegagerðin

Cykelprogram för Malmö stad 2012-2019. Gatukontoret, Malmö stad.

Eðvarð Sigurgeirsson, <http://www.akureyri.net>, skoðað 8.2.2015.

Gátlisti, Viðauki IV, Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu. Kópavogur.

Gehl, Jan (1980). *Livet mellem husene*. Arkitektens forlag, Copenhagen.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir (2012). *Hönnun fyrir reiðhjól. Leiðbeiningar*. Efla verkfræðistofa, Reykjavík.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson (1995). *Oddeyri húsakönnun*. Minjasafnið á Akureyri, Akureyri.

Hagstofa Íslands (2015). Mannfjöldi á Akureyri 2004-2014.

Halldór Björnsson (2017). Tölvupóstur. Veðurstofa Íslands.

Heimasíða Akureyrarbæjar, <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/hverfisnefndir/oddeyri/brot-ur-sogu-oddeyrar>, skoðað 8.2.2015.

Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Steingrímur Jónsson (2017). Tölvupóstur. Háskólinn á Akureyri.

Umferðarmælingar frá Akureyrarbæ. 2015, 2014, 2011, 2012

Vistvænt skipulag þéttbýlis. (2014). Ritstj. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Málfríður K. Kristiansen. Vistbyggðarráð, Reykjavík.

Þjóðskrá Íslands (2015 og 2016).

1. VIÐAUKI – FRAMTÍÐ ODDEYRARTANGA

Í kafla 3.5. í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er fjallað um þróun jaðarsvæða miðbæjarins. Þar er gert ráð fyrir að í framtíðinni muni landnotkun á Oddeyrartanga þróast í íbúðarbyggð, blandaðri verslun og þjónustu.

„Gert er ráð fyrir að landnotkun þróist á þann veg að íbúðarbyggð teygji sig áfram til austurs. Þannig er gert ráð fyrir að landnotkun á Kelduhverfisreit (sem afmarkast af Laufásgötu, Strandgötu, Hjalteyrargötu og Lóðamörkum á móts við Eiðsvallagötu/Grímseljargötu) muni í framtíðinni þróast úr athafna/iðnaðarstarfsemi í íbúðarbyggð. Þannig styrkist íbúðarhverfi á Oddeyri og til verður ný íbúðarbyggð sem nýtur góðs af nálægð við ströndina og miðbæinn. Gert er ráð fyrir að enn síðar muni íbúðarbyggð, blönduð verslun og þjónustu, teygja sig áfram út á Oddeyrartanga.

Framangreind framtíðarsýn fyrir suðurhluta Oddeyrar og Oddeyrartanga fellur að þeim ábendingum sem fram komu hjá þátttakendum á íbúðarþingi haustið 2004.“

Ekki er tilefni til að breyta landnotkun á svæðinu með þeirri öflugu atvinnustarfsemi sem þar er nú stunduð. Breytist forsendur fyrirtækja á þann veg að þau sjái sér hag í að flytjast af svæðinu t.d. með uppbyggingu hafnar á Dysnesi má gera ráð fyrir að núverandi landnotkun verði endurskoðuð.

2. VIÐAUKI – FRAMTÍÐ AKUREYRARVALLAR

Í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er Akureyrarvöllur skilgreindur sem blönduð byggð með verslun, þjónustu og íbúðum auk opins græns svæðis. Ákvæði eru um að völlurinn verði ekki tekinn úr notkun fyrr en samkomulag liggi fyrir við íþróttafélögin um uppbyggingu félagssvæða þeirra.


Svæðið er utan rammaþingulags Oddeyrar en uppbygging þar getur stutt við íbúðarbyggðina á Oddeyri með fjölskylduvænni byggð og góðum áhrifum á umhverfi Glerárgötu og bæjarmynd svæðisins. Hér er lögð fram lauslega mótuð hugmynd um mögulegt fyrirkomulag á svæðinu.

Bent er á möguleika á hringtorgi á gatnamótum Glerárgötu, Eyrarvegur og framlengdrar Hólabrautar í stað þess að það verði við Glerárgötu, Grænugötu og Smáragötu líkt og nú er gert ráð fyrir í deiliskipulagi svæðisins. Eiðsvöllur verði stækkaður til vesturs yfir Glerárgötu með breytingum á yfirborði götunnar sem dregur úr umferðarhraða og tengir núverandi íbúðarhverfi við nýja íbúðarbyggð á vallarsvæðinu og miðbæinn. Með því er tekið mið af nokkrum athyglisverðum tillögum sem fram komu í samkeppninni *Akureyri í öndvegi* árið 2004.

Miðbæjarstarfsemi í formi blandaðrar byggðar verði meðfram Glerárgötu að vestanverðu sem gefur kost á nánast samfelldri miðbæjarstarfsemi frá núverandi miðbæ um austurjaðar vallarsvæðisins og núverandi verslunar- og þjónustubyggingar austan Glerárgötu og Glerártorg.

Byggingar með framhliðar að Glerárgötu fái aðkomu um þjónustugötu. Sömuleiðis verður mögulegt að leysa aðkomu að núverandi íbúðarhúsum austan Glerárgötu með þjónustugötu.

Íbúðarbyggð verði norðan við núverandi byggð í Laxagötu og Hólabraut og teygir sig upp í brekkuna. Svæðið verði umlukið grænum svæðum með Klappirnar að norðanverðu, „sleðabrekku“ að sunnanverðu og Eiðsvöll að austanverðu. Ákvarðanir um útfærslu og nýtingu svæðisins verða teknar með breytingu á gildandi deiliskipulagi miðbæjarins eftir að samkomulag íþróttafélaganna liggur fyrir.



17. mynd. Dæmi um mögulega landnýtingu Akureyrarvallar og mögulega staðsetningu hringtorgs á Glerárgötu. Þjónustugötur eru samsíða Glerárgötu og sýndar með ljósbláum lit.

2. VIÐAUKI – HÚSAVERND Á ODDEYRI

Eftirtalin hús falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Heimilisfang	Byggt ár	Staða
Friðlýstar byggingar (2)		
Strandgata 49, Gránufélagshús	1880	Friðlýst
Norðurgata 17 og 17A	1880	Friðlýst
Friðun vegna aldurs, hús 100 ára og eldri (43)		
Strandgata 17	1886	Friðað
Strandgata 19	1905	Friðað
Strandgata 19b	1906	Friðað
Strandgata 21	1897	Friðað
Strandgata 23	1906	Friðað
Strandgata 25	1910	Friðað
Strandgata 27	1897	Friðað
Strandgata 33	1924	Friðað
Strandgata 35	1888	Friðað
Strandgata 39	1908	Friðað
Strandgata 41	1902	Friðað
Strandgata 45	1914	Friðað
Fróðasund 10	1898	Friðað
Fróðasund 11	1893	Friðað
Gránufélagsgata 16	1925	Friðað
Gránufélagsgata 18	1906	Friðað
Gránufélagsgata 20	1915	Friðað
Gránufélagsgata 29	1917	Friðað
Grundargata 3	1886	Friðað
Grundargata 4	1902	Friðað
Grundargata 5	1898	Friðað
Grundargata 6	1903	Friðað
Hríseyjargata 1	1903	Friðað
Lundargata 2	1879	Friðað
Lundargata 4	1914	Friðað
Lundargata 5	1895	Friðað

Heimilisfang	Byggt ár	Staða
Lundargata 6	1897	Friðað
Lundargata 7	1894	Friðað
Lundargata 8A	1899	Friðað
Lundargata 8B	1899	Friðað
Lundargata 9	1896	Friðað
Lundargata 11	1900	Friðað
Lundargata 13	1897	Friðað
Lundargata 15	1900	Friðað
Norðurgata 1	1899	Friðað
Norðurgata 2	1898	Friðað
Norðurgata 3	1899	Friðað
Norðurgata 4	1897	Friðað
Norðurgata 6	1898	Friðað
Norðurgata 11	1882	Friðað
Norðurgata 13	1893	Friðað
Norðurgata 15	1903	Friðað
Norðurgata 15A	1903	Friðað
Umsagnarskyldar byggingar sem byggðar voru 1925 eða fyrr (14)		
Strandgata 25b	1925	Umsagnarskylt
Strandgata 43	1920	Umsagnarskylt
Gránufélagsgata 19	1925	Umsagnarskylt
Gránufélagsgata 21	1923	Umsagnarskylt
Gránufélagsgata 22	1923	Umsagnarskylt
Gránufélagsgata 33	1921	Umsagnarskylt
Gránufélagsgata 35	1923	Umsagnarskylt
Grundargata 1	1924	Umsagnarskylt
Grundargata 7	1920	Umsagnarskylt
Hríseyjargata 2	1923	Umsagnarskylt
Hríseyjargata 5	1923	Umsagnarskylt
Norðurgata 19	1920	Umsagnarskylt
Norðurgata 28	1924	Umsagnarskylt
Norðurgata 30	1924	Umsagnarskylt

